

Á að stofna barnamenningarhús á Íslandi?

Skýrsla unnin af Sigurði G. Valgeirssyni
fyrir Samtök um barnamenningarstofnun
júni 2004

Efnisyfirlit

1. Um hvað fjallar þessi skýrsla?	bls. 4
Samtök um barnameningarstofnun	- 4
Hvað er átt við með barnameningarstofnun?	- 4
2. Hvað er barnamening?	- 5
Menning sköpuð af börnum	- 5
Menning fyrir börn	- 5
Menning með börnum	- 5
3. Stefna stjórnvalda varðandi barnameningu á Íslandi	- 6
4. Ísland og Norðurlönd	- 6
Barnamening á Norðurlöndum	- 6
Aðild Íslands að norrænum samþykktum og samningum	- 6
5. Mismunandi hús	- 7
Barnabókastofnanir	- 7
Barnameningarhús	- 8
Gildi, áherslur og tengsl við umhverfið	- 8
Tvær ólíkar gerðir norrænna barnameningarhúsa	- 9
Barnas Hus	- 9
Eldfærin	- 9
6. Barnamening í nokkrum húsum á Íslandi	- 10
Barnamening í bókasöfnum	- 10
Amtsbókasafnið á Akureyri	- 10
Borgarbókasafnið	- 10
Bókasafn Hafnarfjarðar	- 11
Bókasafn Kópavogs	- 11
Barnamening í leikhúsum - barnaleikhús	- 12
Bandalag íslenskra leikfélaga	- 12
Leikfélag Akureyrar	- 12
Borgarleikhúsið	- 12
Þjóðleikhúsið	- 13
Norræn barnaleikhúshátið á Íslandi	- 13
Möguleikhúsið	- 13
Leikhúsið 10 fingur	- 14
Sögusvuntan	- 14

Börn og ópera	bls. 14
Íslenska óperan	- 14
Börn og dans	- 15
Íslenski dansflokkurinn	- 15
Börn og tónlist	- 15
Tónlist fyrir alla	- 15
Sinfóníuhljómsveit Íslands	- 16
Börn, myndlist og listasöfn	- 16
Myndlistaskólinn á Akureyri	- 16
Listasafnið á Akureyri	- 17
Myndlistaskólinn í Reykjavík	- 17
Gerðuberg	- 17
Gerðarsafn	- 18
Hafnarborg	- 18
Listasafn Íslands	- 18
Listasafn Reykjavíkur; í Hafnarhúsi, á Kjarvalsstöðum og Ásmundarsafni	- 19
Söfn og börn	- 19
Árbæjarsafn	- 19
Þjóðminjasafn Íslands	- 20
Norrænt menningarhús	- 20
Norræna húsið	- 20
Blandað barnamenningarstarf	- 20
Kramhúsið	- 20
Samningur Listahátíðar í Reykjavík og Fræðsluráðs Reykjavíkur	- 21
Barnamenning í ljósvakamiðlunum	- 21
Ríkisútvarpið - Rás eitt	- 21
Ríkisútvarpið - Sjónvarpið	- 21
Stöð 2	- 22
Starfsemi í anda barnamenningarhúsa á Íslandi	- 22
IBBY á Íslandi	- 22
7. Hvernig barnamenningarhús? - Viðhorf viðmælenda	- 23
8. Á að stofna barnamenningarhús hérlendis?	- 27
9. Kostnaður við íslenskt barnamenningarhús - þrjú módel	- 28
10. Niðurstaða	- 29
Heimildaskrá	- 31
Tilvísanaskrá	- 31

1. Um hvað fjallar þessi skýrsla?

Skýrsla þessi er unnin að frumkvæði Samtaka um barnameningarstofnun. Henni er ætlað að gefa betri hugmynd um hvort ákjósanlegt sé að koma á fót barnameningarstofnun á Íslandi. Í henni er einnig velt upp nokkrum möguleikum á því hvernig slík stofnun gæti verið og hugsanlegum viðfangsefnum hennar.

Byrjað er á því að fara yfir skilgreiningar á barnameningu. Næst er litið á stefnu íslenskra stjórn-máláhreyfinga og stjórnvalda hvað varðar menningu barna. Sameiginlegri stefnu Norðurlanda í mál-efnum barnameningar er einnig lýst. Sagt er frá mismunandi gerðum barnameningarhúsa á Norð-urloñdunum, en þar eiga þau sér nokkra hefð, rekstri þeirra, skipulagi og hugsuninni sem að baki þeim býr.

Að því búnu er farið yfir sviðið hér á Íslandi og litið á nokkur dæmi um barnameningarstarf sem svipar að einhverju leyti til starfsemi barnameningarhúsa. Þá er rætt við ýmsa aðila sem áhuga hafa á barnameningu og leitað eftir sjónarmiðum þeirra varðandi barnameningarstofnun eða -hús.

Að síðustu er leitast við að draga saman niðurstöður samtala og upplýsinga og reikna út í gróf-um dráttum hvað kostar að stofnsetja og reka þrjár tegundir barnameningarhúsa. Það er gert til þess að varpa ljósi á umfang rekstrarins og gera þeim sem hugsanlega hafa áhuga á stofnun barnamenn-ingarhúss auðveldara að meta hvers konar rekstur gæti verið heppilegastur.

Samtök um barnameningarstofnun hlutu styrk frá Velferðarsjóði barna til að standa straum af gerð þessarar skýrslu.

Samtök um barnameningarstofnun

Samtök um barnameningarstofnun voru stofnuð hinn 16. nóvember 2002 og voru stofnfélagar um 50 manns. Í ávarpi sem Ragnheiður Gestsdóttir rithöfundur flutti við það tækifæri mátti heyra hver viðfangsefni barnameningarstofnunar áttu að vera: „...að standa vörð um barnameningu á Íslandi, rannsaka hana og varðveita, hlúa að henni og styrkja.“¹ Dr. Anna Heiða Pálsdóttir ræddi einnig um barnameningarstofnun á fundinum og nefndi nokkur dæmi um fyrirmyndir. Þær voru: *Center for Børnelitteratur* í Kaupmannahöfn, en hlutverk þeirrar stofnunar er „að skapa bestu hugsanlegu skil-yrði fyrir framsetningu og miðlun rannsókna í barna- og unglingsabókmenntum“, *Svenska barnboks-institutet*, *Norsk barneboksinstitut*, *Finlandsk Barnboksinstitut* og *Institut Charles Perrault* í Paris.

Í lok máls síns sagði Anna Heiða: „Ákveðið var að stofna Samtök um Barnameningarstofnun [.../ á Degi íslenskrar tungu. Við ákváðum að stofnunin skyldi heita BARNAMENNINGARstofnun en ekki barnabókastofnun því við vildum ekki láta neinn geira barnameningar vera undanskilinn, þar á meðal á sviði tölvutækni og netmenningar, tónlistar, myndbanda o.m.fl.“²

Hvað er átt við með barnameningarstofnun?

Eins og sjá má strax af máli Ragnheiðar og Önnu Heiðu var hugmynd þeirra um hvernig barnamenn-ingarstofnun ætti að vera langt í frá fullmótuð. Segja má því að leiðir liggja til allra átta frá hugmynd-unum sem Samtök um barnameningarstofnun lögðu upp með. Hægt er að hugsa hana sem vísinda-setur sem aflar upplýsinga um barnameningu, greinir hana og flokkar. Viðfangsefni hennar getur verið að safna saman barnabókum og sýna þær, lána og rannsaka. Einnig er hægt að stofna hús barna þar sem þau geta jafnvel gengið inn í ævintýraheim, ein, með foreldrum sínum, öðrum börnum eða fullorðnum. Hægt er að fræða börn um listsköpun í barnameningarhúsum og gera þeim kleift að stunda hana. Þá getur barnameningarhús verið skrifstofa sem fyrst og fremst örvar og kynnir það barnameningarstarf sem sinnt er í landinu. Möguleikarnir eru því fjölmargir en undirstaðan er, hvað sem gert verður, að skilgreint verði, að minnsta kosti í stórum dráttum, hvað barnamening er.

2. Hvað er barnamenning?

Lítið hefur verið skrifað um hugtakið barnamenningu á íslensku. Í reglum um Barnamenningarsjóð, sem starfar á vegum menntamálaráðuneytisins, er kannski að finna einföldustu skilgreininguna á þessari tegund menningar. Þar stendur: „Til barnamenningar teljast verkefni á sviði lista og menningar sem unnin eru fyrir börn og/eða með virkri þátttöku barna.“³

Í formála bæklingis frá 1999 sem nefnist *Børnekultur* og gefinn var út af *Kulturens børn*, nefnd á vegum danska menningarmálaráðuneytisins, er sagt að gengið sé út frá breiðri skilgreiningu á barnamenningu. Hún er: menningarleg starfsemi barnanna sjálfra, menningarleg starfsemi fyrir börn og menningarleg starfsemi með börnum.⁴

Þessi þrískipting kemur víðast hvar fram í skilgreiningum á barnamenningu. Í skýrslunni *Kultur for Børn i Aalborg kommune* er nokkuð ítarleg skilgreining á barnamenningu og þróun barnamenningarhugtaksins út frá þessari þrískiptingu sem hér verður rakin.⁵

Eftir að hafa komist að þeirri niðurstöðu að hægt sé greina barnamenningu frá öðru atferli barna fjalla skýrsluhöfundar um skilin á milli barna og fullorðinna. Þeir segja að það sé engin spurning að skoða eigi barnæskuna og líf fullvaxta manna sem tvö viðfangsefni. Aldur og áunnin hæfni greini þessa hópa að og lagalega sé barnið ómyndugt, andstætt fullorðnum. Pólitískt séu börn hins vegar sjálfstæðir einstaklingar eins og fullorðnir.

Menning sköpuð af börnum

Skýrsluhöfundar benda á að nútímabörn hafi sitt eigið rými. Innan þess þróa þau sína menningu, þrátt fyrir að það geti verið undir stjórn hinna fullorðnu. Börn leika sér upp að vissu marki sjálfstætt og eru hvött til þess innan ákveðinna ramma. Þau finna upp eigin leiki og þróa í leik sínum og þeim samskiptum sem þeim samvistum fylgja, sérstaka menningarlega tjáningu, þótt auðvitað megi deila um hve sjálfstætt sumt af henni er. Að lokum nota þau tæki, oftast leikföng, við leiki sem, þrátt fyrir þá staðreynd að þau eru oft eftirlíkingar á tækjum fullorðinna, verða hluti af eigin veröld barnanna vegna þess hvernig þau eru notuð.

Hægt er að kalla menninguna sem börn búa til, fyrst og fremst með leik sínum: *menningu skapada af börnum*. Þessi menning er oft kölluð leikjamenning og er óformlegri en önnur barnamenning.

Menning fyrir börn

Menning fyrir börn í hefðbundnum skilningi nær til menningarupplifunar sem hinir fullorðnu bjóða börnum upp á. Þetta getur verið ferð í bíó, sirkus eða leikhús. Einnig getur verið um að ræða bókmenntir, tónlist, barnasjónvarp og fleira. Hefð er fyrir því að greina á milli tveggja gerða innan þessarar menningarframleiðslu fyrir börn. Annars vegar er það menning þar sem lögð er áhersla á gæði, hins vegar barnamenning með áherslu á markaðslegt gildi. Skýrsluhöfundar segja að ekki séu lengur skörp skil á milli þessara tveggja flokka. Nú á tímum er gert bæði mjög gott og mjög slæmt barnamenningarefni þar sem markaðssjónarmið eru ráðandi. Hið besta af því stenst fyllilega kröfur sem gerðar eru til gæða bæði hvað varðar inntak og form.

Hugtakið menning fyrir börn er oft skilið þannig að í því tilviki séu börnin óvirkir þiggjendur. Þá er horft fram hjá þeirri staðreynd að í þessu samhengi má einnig líta á barnið sem virkt og meðskapandi. Hinir fullorðnu, sem standa fyrir menningunni í þessum tilvikum, hafa ekki möguleika á að stýra því algerlega hvernig barnið tekur á móti, skilur og vinnur úr efninu. Þetta getur til dæmis átt við um hvernig börn spila tölvuleiki. Þau geta einnig hafa tamið sér sérstakar venjur eða mynstur í sambandi við ákveðna sjónvarpsþætti eða leiki sem þau stunda í tengslum við að hlusta á lestur ævintýra. Allt þetta gerir þau sjálf skapandi í þessu samhengi þó að við köllum þetta *menningu fyrir börn*.

Menning með börnum

Til viðbótar framansögðu kemur menning sem hægt er að skilgreina sem þá menningarlegu tjáningu, upplifanir og framtak sem börn og fullorðnir stunda og eiga í sameiningu. Hægt er að kalla það *menningu með börnum*. Þessu menningarstarfi er gjarnan skipt í tvo flokka. Í annan fellur svokallað sérhæft tólmundastarf - allt það sem börn sjá um sjálf eða eiga samstarf um við fullorðna. Þessi menningarstarfsemi fer oft fram á stofnunum og markmiðið með henni er gjarnan að opna tjáningarform fyrir börn og gefa þeim svigrúm sem menningarlega skapandi einstaklingum. Þessi menning getur verið margs konar teikni/málunarverkefni eða annað í skólanum og þetta geta auðvitað líka verið óformlegri verkefni sem börn og fullorðnir vinna að innan veggja heimilisins.

Sú þrískipting sem lýst er hér að ofan er mjög algeng í skilgreiningu á barnamenningu. Gengið verður út frá henni í þessari skýrslu.

3. Stefna íslenskra stjórnvalda varðandi barnamenningu

Þegar litið er á stefnuskrá ríkisstjórnarinnar og stefnu einstakra stjórnvaldaflokka er ekkert að sjá um börn og menningu hvað þá vangaveltur um mikilvægi barnamennningar.⁶ Því virðist sem lítil sem engin umræða hafi farið fram innan íslenskra stjórnvaldaflokka um barnamenningu eða börn og menningu og þar sé ekki að finna hugmyndir um markvisst viðhald og eflingu íslenskrar barnamennningar. Þetta er að mörgu leyti einkennilegt, ekki síst í ljósi þess að barnamennningarstarf er þrátt fyrir allt nokkuð öflugt hérlendis. Sterkasta dæmið um áhuga stjórnvalda á eflingu barnamennningar er sérstakur barnamenningsráðgjafi sem var stofnaður árið 1994 með framlagi frá menntamálaráðuneytinu. Við stofnun hans voru jafnframt settar um hann reglur.⁷ Tekjur sjóðsins eru árlegt framlag frá menntamálaráðuneytinu og aðrar þær tekjur sem sjóðnum hlotnast. Hlutverk Barnamenningsráðgjafis er að styrkja verkefni á sviði lista og menningar sem unnin eru fyrir börn og/eða með virkri þátttöku þeirra. Geta bæði einstaklingar og félagasamtök sótt um styrk úr sjóðnum. Barnamenningsráðgjafi er einnig heimilt að veita m.a. styrki til námskeiða og ráðstefnuhalds ef viðfangsefni þeirra tengist meginmarkmiðum hans. Stjórn Barnamenningsráðgjafis er skipuð af menntamálaráðherra til tveggja ára í senn. Skal einn tilnefndur af Kennarasambandi Íslands, einn af Bandalagi íslenskra listamanna, einn af Æskulýðsráði ríkisins og tveir eru skipaðir án tilnefningar. Fyrsta úthlutun úr sjóðnum var árið 1995. Barnamenningsráðgjafi er með 2,5 milljónir króna til ráðstöfunar á fjárlögum 2004.

Barnamennningarstarf og efling þess er eitt af þeim verkefnum sem sveitarfélög um allt land sinna. Víða er unnið gott starf á þessu sviði á þeirra vegum og umtalsvert fé er lagt í þennan málaflokk.

Reykjavíkurborg leggur til dæmis mikla áherslu á barnamenningu. Í Menningarstefnu Reykjavíkurborgar⁸ segir: „Reykjavíkurborg stefnir að því að: - Menning og listir séu snar þáttur í uppeldi og kennslu barna“.

Svipaðar áherslur er til dæmis að finna hjá menningarmálanefnd Akureyrarbæjar og þar er mikil og vaxandi áhersla á skapandi starf barna.

4. Ísland og Norðurlönd

Barnamening á Norðurlöndum

Á Norðurlöndunum hefur verið lögð mikil áhersla á barnamenningu enda er norræn barnamening í fremstu röð í heiminum. Í ritinu *Barn & Kulturer* fjallað um stöðu Norðurlandanna á þessu sviði. Þar segir: „Sú barnamening á Norðurlöndum sem atvinnumenn stýra nýtur mikillar virðingar í heiminum. Barnabækur, barnamyndir, barnasjónvarp og barnaleikhús njóta velgengni og hafa unnið til óteljandi verðlauna. Og þó að Astrid Lindgren, Tove Jansson og H.C. Andersen tróni enn hæst, á hinn sérstaki norræni tónn, stemning og lífssýn stóran og áhugasaman hóp aðdáenda í öðrum löndum.“⁹

Aðild Íslands að norrænum samþykktum og samningum

Þrátt fyrir að umræða um barnamenningu virðist ekki ýkja þróuð á Íslandi, að minnsta kosti ekki ef litið er á stefnuskrár stjórnvaldaflokkanna eða almenna opinbera umræðu um barnamenningu, má heimfæra mjög margt af því sem er verið að gera á Norðurlöndunum upp á Ísland. Íslensk stjórnvöld hafa einnig skuldbundið sig til að leggja mikla áherslu á barnamenningu með aðild að ýmsum samþykktum.

Í framkvæmdaáætluninni *Ungir Norðurlandabúar samstarf og fjölbreytni 2002 - 2006* birta menningarmálaráðherrar Norðurlanda sameiginlega framkvæmdaáætlun fyrir norrænt menningarsamstarf. Þar er meðal annars lögð sérstök áhersla á:

- tækifæri barna og ungmenna til að taka þátt í og skapa eigin tjáningarform
- að setja á laggirnar vettvang fyrir ungmenni, sérfræðinga og listamenn frá öllum Norðurlöndum og sjálfstjórnarsvæðum
- að virkja skólann betur sem menningarvettvang
- hlutverk og ábyrgð lista- og menningarlífs varðandi barnamenningu

Í framkvæmdaáætluninni er byggt á breiðri túlkun menningarhugtaksins þar sem meðal annars er lögð áhersla á:

- menningu sem börn og unglingar skapa sjálf
- menningu sem fullorðnir skapa fyrir og með börnum og unglíngum sem örvar þau og veitir þeim betri tækifæri til að skapa og framkvæma eigin menningarviðburði

Þetta er sama skilgreining á barnamenningu og lýst hefur verið hér að framan. Í kafla sem fjallar um fimm grunnreglur framkvæmdaáætlunarinnar segir að á næstu árum skuli norrænt samstarf:

- auka framboð á menningu fyrir börn og ungmenni án tillits til búsetu, aldurs eða uppruna
- auka þátttöku barna og ungmenna svo þau fái aukinn meðákvörðunarrétt og áhrif á norrænt samstarf
- auka gæðin á lista- og menningarstarfi fullorðinna fyrir börn og unglínga, svo og gæði í sköpunarferlinu og upplifuninni
- auka jafnrétti kynjanna í öllu menningarstarfi með börnum og ungmennum
- efla þverfaglegt samstarf við skóla og aðrar stofnanir¹⁰

Af ofansögðu má sjá að Íslendingar hafa tekið á sig mikla ábyrgð og skuldbindingar innan norræns samstarfs varðandi það að efla íslenska og norræna barnamenningu. Ljóst er einnig að Íslendingar eru fremur latir við að fjalla um barnamenningu á opinberum vettvangi eða geta hennar sérstaklega þegar þeir skipuleggja menningarstarf almennt. Lítið hefur verið rætt um barnamenningu opinberlega og þaðan af síður barnamenningarhús. Það er því ekki nema von að hugmyndir um rekstur slíks húss hérlendis séu á þessu stigi fremur óljósar.

Á Íslandi er hvorki að finna barnabókastofnun né hús eða starfsemi sem ber nafnið barnamenningarhús. Á hinum Norðurlöndunum eru hins vegar hús af báðum gerðum. Hér verður greint frá því hvernig þessi hús eru byggð upp þar. Það getur gefið vísbendingar um hvort við Íslendingar þurfum svona hús og ef svo er hvernig þau hús ættu að vera.

5. Mismunandi hús

Barnabókastofnanir

Á fjórum Norðurlöndunum eru nú reknar barnabókastofnanir.¹¹ Sænska barnabókastofnunin, *Svenska barnboksintitutet (SBI)*, var stofnuð 1965, Finniska stofnunin, *Suomen Nuorisokirjallisuuden Instituutti (SNI)*, var stofnsett 1978, sú norska, *Norsk barnebokinstitutt (NBI)* var opnuð ári síðar. Í Kaupmannahöfn var svo stofnuð miðstöð fyrir barnabækur, *Center for Børnelitteratur*, árið 1998. Allar stofnanirnar hafa það hlutverk að halda úti sérsafni á sviði barnabóka, auk þess að styðja á margvíslegan hátt rannsóknir um barna- og unglíngabækur og fræða fólk um þær. Sameiginlegt öllum stofnunum er að þar á að vera að finna allar útgefnar barna- og unglíngabækur viðkomandi lands. SNI og NBI eru auk þess með tvö eintök af hverri bók, annað til lestrar og hitt fyrir safnið. Í Ósló getur lántakandi sjálfur farið í hillurnar. Í SBI er hægt að skoða fagurbókmenntirnar í aðgengilegu bókasafni sem þó er ekki lánað út úr. Í Kaupmannahöfn er bækurnar varðveittar og í eigu Kennslu- og uppeldisfræðibókasafns Danmerkur. Þær eru í opnum hillum og í sama húsi og miðstöðin.

Metnaður til að upplýsa og fræða er einnig sameiginlegur þessum stofnunum. Þær skipuleggja ráðstefnur og sýningar, taka á móti skólaheimsóknnum og halda upp á ýmis tímamót. Miðstöðin í Kaupmannahöfn starfrækir einnig höfundaskóla fyrir barnabókahöfunda.

Misvel er hins vegar búið að rannsóknum. Fjórðungur af stöðu forstöðumannsins á SBI er ætlaður til rannsókna. Yfirmaður dönsku miðstöðvarinnar einbeitir sér meira að rannsóknum. Þar rennur ákveðinn hluti af rekstrarfénu í rannsóknaverkefni. Önnur leið sem farin er til að efla rannsóknir eru tímarit sem SNI og SBI gefa út. Þau gera mögulegt að birta ritgerðir og greinar. Stofnanirnar standa einnig á bak við vísindalegar ritraðir og árbækur á sviði barnabókmenntanna.

Skipulagslega er nokkur munur á stofnunum. Allar byggja þær fyrst og fremst á framlagi frá ríkinu, með stuðningi úr öðrum áttum. Danska miðstöðin er tengd Kennaraháskólanum í Kaupmannahöfn en hefur samt sjálfstæðan fjárhag með fjárveitingu frá menntamálaráðuneytinu. SBI er sjálfseignarstofnun en fær stærstan hluta fjárens sem þarf til rekstrarins frá menntamálaráðuneytinu og tengist landsbókasafninu (KB). SNI byggir reksturinn á styrk. Til viðbótar stuðningi frá ríkinu fær stofnunin framlag frá Tammerfors bæ og auk þess styrki til einstakra verkefna. NBI er stofnun með stjórn og ráð sem í sitja fulltrúar mismunandi sviða barnabókmenntanna, auk háskólans.

Allar stofnanirnar eru að sjálfsögðu opnar almenningi með fremur rúmar útlánsreglur og afgreiðslutíma. Starfsemin beinist aðallega að fullorðnum lántakendum en fróðleiksfúst ungt fólk fær einnig góðar viðtökur.

Barnameningarhús

Skýrslan eða kverið *Børnekulturhuse i Norden - Rum til børn* var gefin út í mars á síðasta ári. Verkefnið er hugsað sem grundvöllur og framlag til opinnar umræðu um barnameningarhús á Norðurlöndum og annars staðar í heiminum. Umræðu um hvaða réttlætingu þau hafa og hvað þau geta sem aðrar stofnanir geta ekki gert jafn vel. Í skýrslunni skrifar Karen Marie Demuth, sem stendur að gerð hennar, meðal annars um barnameningarhúsin: „Þetta er hluti barnameningarinnar sem á undanförunum árum hefur verið gefinn mikill gaumur en ekki eru til margar lýsingar á.“¹²

Þetta er nokkuð merkilegt í ljósi þess að allmörg hús eru til af þessari gerð á Norðurlöndunum. Í samantekt í lok skýrslunnar er skrá yfir 19 mismunandi barnameningarhús í Svíþjóð, 15 í Danmörku, 1 í Noregi og 8 í Finnlandi.

Karen Marie Demuth leitast við að svara spurningunni: Hvað einkennir barnameningarhús? Í kafla er nefnist „Børnekulturhuse i Norden“ segir hún: „Erfitt er að gefa lýsingu á barnameningarhúsum á Norðurlöndum, en að búa til skilgreiningu er ómögulegt. Í fyrsta lagi ríkir dálítill hugtakaruglingur. Í Danmörku er notað hugtakið „Børnekulturhuse“ eða „børnekulturcentre“. Í Svíþjóð og Finnlandi heitir það „Barnkulturcentra“ og í Noregi „Barnas Hus“. Á öðrum stöðum í heiminum er talað um sköpunarmiðstöðvar, tómstundamiðstöðvar, barnasöfn og barnahallir.“¹³

Þessi barnameningarhús geta, að sögn Karen Marie Demuth, verið samkomuhús, menningarhús fyrir börn, hluti af menningarhúsi fyrir fullorðna, útvíkkuð félagsmiðstöð, leik- eða tómstundahús, hús þar sem atvinnumenn sýna börnum kvikmyndir og leikhúsværk, hús sem hefur markaðstengdari markmið, hús sem líkist menningarskóla, net sem er myndað af fólki sem vinnur að barnameningu eða miðstöð sem þjónar sem hugmyndabanki og til að tengja saman ýmiss konar barnameningarstarf sem fyrir er og það eru víst til fleiri útgáfur.

Þrátt fyrir þennan mikla fjölbreytileika eru einnig sameiginlegir drættir í útfærslu flestra barnameningarhúsa. Þau byggja flest á einu eða fleiri sviðum lista. Nánast alls staðar er unnið með atvinnulistamönnum og fagfólki. Í starfi húsanna birtist sú stefna að gera þá fullorðnu, sem börn umgangast daglega, hæfari og að unnið sé að framgangi barnameningar innan þeirra veggja og að þau séu jafnframt innblástur fyrir barnameningarstarf almennt.

Höfundurinn segir: „Viða er hefð fyrir því að það þurfi fyrst og fremst að virkja börn á meðan í barnameningarhúsum á Norðurlöndum er oft hugsað um upplifun barnanna í tengslum við verkefni þeirra.“¹⁴

Annað sameiginlegt einkenni norræns barnameningarstarfs segir hún vera þann skilning að barnamening hafi gildi í sjálfu sér. Annars staðar í heiminum sé litið á hana í þjóðfélagslegu, pólitísku og trúarlegu samhengi eða sem lið í kennslu.

Í Danmörku hefur tíðkast í mörg ár að byggja þróunarstarf í menningarmálum að miklu leyti á grasrótastarfi. Í hinum norrænu löndunum hafa yfirvöld oftár átt frumkvæði að tilrauna- og þróunarstarfi. Í mörgum barnameningarhúsum hefur tekist að ná jafnvægi í samspilið á milli þessara þátta, að sögn Karen Marie Demuth.

Gildi, áherslur og tengsl við umhverfið

Demuth segir í umfjöllun sinni um barnameningarhús: „Börn eiga að fá það besta“ eða „börn eiga skilið það besta“ er yfirskrift barnameningarstarfs margra landa. Það er síðan háð því: hver maður er, hvar maður er, hvaða menningu maður tilheyrir, hver markmiðin eru og fleira hvað er hið besta.“¹⁵ Hún segir einnig að á Norðurlöndum sé í mörgum tilvikum svipuð sýn á gildi og áherslur og hlutverk barnameningarhúsa í samfélaginu. Í Svíþjóð hefur verið starfrækt landsnet fyrir allar barnameningarstofnanir frá 1995. Þar er byggt á sameiginlegum grunni sem vísar til Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Í norrænum barnameningarhúsum hefur fram til þessa, fremur en annars staðar í heiminum, verið lögð áhersla á hið þjóðfélagslega, menningarlegt lýðræði og meðstjórnun sem þau gildi sem mestu máli skipta. Hin síðari ár hefur verið litið sérstaklega - eins og annars staðar í samfélaginu - á þroska einstaklingsins og persónunnar og meira er horft til faglegrar hæfni, á þróun þekkingar og kunnáttu, á upplifun og fagurfræðilegt gildi.

„Barnameningarhús sem hafa skýra stefnu sem byggist á umhverfinu sem húsin eru í, hús sem hafa skýrt skilgreindar væntingar og þar sem ljóst er hverjir eru eigendur, hvert hlutverkið er og hvernig ábyrgð skiptist, virðast þegar til lengri tíma er litið, hafi bestu möguleikana til þess að verða kraftmiðja og aflstöð í barnameningunni“¹⁶ segir ennfremur í grein Demuth.

Eins og hefur verið nefnt byggjast sum barnameningarhús fyrst og fremst á ákveðnum sviðum lista, sem þau eru síðan þróuð út frá. Í öðrum er reynt að hafa allt undir. Þar vill veitast erfitt að velja og hafna og þá er hætta á að einbeitingin tapist í starfinu og að þau verði ekki eins sýnileg.

„Það er einkennandi að barnameningarhúsin hafa í langflestum tilvikum ekki þróast í endanlegt fastmótað form, sem alls staðar er svipað, heldur byggja þau hvert og eitt á þeirri þörf sem er á staðnum og bæta úr þeim skorti og óskum sem eru í samfélaginu sem þau eru starfrækt í. Það er því mikilvægt að innan barnameningarhúsanna sé ávallt lögð áhersla á að keppa ekki við það menningarframboð sem fyrir er heldur að geta, með sveigjanleika, einbeitt sér að því að sinna barnameningu, auka gæði hennar og veita annarri barnameningu rými“¹⁷ segir í skýrslunni.

Tengsl við menningarlífið á staðnum er mikilvægt. Mesta hættan er að starfið verði dauft eða losaralegt í stærri bæjum eða í stórum barnameningarhúsum. Þar er samstarfið við umhverfið ekki bráðnauðsynlegt. Það er þó mjög sjaldgæft að sjá að barnameningarhús beini einungis áhuganum inn á við og hafi ekkert samband við aðra sem sinna barnameningunni. Þvert á móti má oft sjá hvernig barnameningarhús taka mið af umhverfi sínu. Þannig er þetta til dæmis í Malmö. Þar er *Drömmarnas Hus* í miðju hverfi þar sem eru margir innflytjendur. Stór hluti kennaranna eru listamenn frá öðrum löndum og það endurspeglast í starfinu.¹⁸

Tvær ólíkar gerðir norrænna barnameningarhúsa

Segja má að tvenns konar áherslur séu áberandi í barnameningarhúsum. Annars vegar er lögð mikil áhersla á upplifunina í sjálfu húsinu og listsköpun og starf innan fjögurra veggja. Hins vegar er annaðhvort eingöngu eða að minnsta kosti jafnmikil áhersla lögð á að örva allt barnameningarstarf á því svæði sem starfið nær til. Þessi hús geta jafnvel verið litlar skrifstofur sem breiða, ásamt öðrum áhugasömum, vef samstarfs á sviði barnameningar yfir stórt svæði. Í tveimur dæmum um norræn barnameningarhús sem lýst er hér fyrir aftan má greina þessar mismunandi áherslur.

Barnas Hus

Barnas Hus í Björgvin er gott dæmi um hús sem er öflug miðstöð en sinnir þó ekki síður stórum vef með „köngulóarstarfsemi“. Núverandi forstöðumaður þess Turid Fadnes lýsir því í grein í *Børnekulturbuse i Norden* sem hún nefnir „Børnekultursenter ressurscenter Et edderkop“.¹⁹ Hún segir að Barnas Hus vinni í skurðfletinum milli barnameningarstofnananna: Skóla og barnaheimila á annan veginn og á hinn veginn alls lista- og menningarlífs borgarinnar. Hún bendir á að það sé aðeins í skólunum sem hægt sé að ná til allra barna og aðeins í leikskólunum sem hægt sé að ná til margra barna. Hún segir að menningarpólitík fyrir börn verði að gera list og menningu að hluta af hversdagslífi barnsins í gegnum kennslu skólanna og starf barnaheimilanna. Hún segir að Barnas Hus kveiki og stjórni lista- og menningarverkefnum sem nýtist í eigin starfi skólanna og barnaheimilanna. Enn fremur skipuleggur Barnas Hus dagskrá í samvinnu við söfn og menningarstofnanir til þess að auðvelda börnum aðgang að menningarstofnunum.

Barnas Hus er deild innan menningardeildar borgarráðs Björgvinjar og framkvæmdaaðili í menningarstefnu borgarinnar. Húsið fær í rekstrarfé hluta af framlögum borgarinnar til menningarmála og að auki styrk frá þeirri deild í starfsemi borgarinnar sem ber ábyrgð á barnaheimilum og skólum. Það fé rennur til sérstakrar dagskrár. Til viðbótar þessu er svo sótt um styrk frá ríkinu til einstakra verkefna.

Mjög stór hluti starfsins fer fram utan hússins. Það veldur því að húsið þróast ekki í þá átt að það verði stofnun sem er sjálfri sér nóg, barnasafn eða barnaleikhús. Það er vilji stjórnenda Barnas Hus að börn kynnist listaverkum og listsköpun þar sem það „á heima“ í menningarstofnununum. Eins og víða í barnameningarhúsum er lögð áhersla á að sinna sviðum sem aðrir gera ekki eða þar sem kröfur um kostnað eða hæfni eru slíkar að það er ekki hægt að hrinda þeim í framkvæmd af einstökum skólum eða listastofnunum. Turid Fadnes bendir á að með því að starfið sé í samvinnu við listastofnanir, söfn eða skóla verði til þekking innan þeirra stofnana sem nýtist þeim til frambúðar. Hlutverk Barnas Hus er líka að fylgjast með barnameningarstarfi í borginni hvar sem það fer fram.

Eldfærin

Eldfærin eða *Fyrtojet*, sem er í Óðinsvéum,²⁰ er dæmi um menningarhús þar sem áherslan er fyrst og fremst á húsið sjálft og starfseminu sem þar fer fram. Árið 1986 ákvað stór hópur manna í Óðinsvéum að byggja hús fyrir börn þar sem þau gætu notað eigin ímyndunarafl og sköpunargáfu og lifað sig inn í sögur um líf H. C. Andersen. Hópurinn stofnaði vinnuhópinn Eldfæravinnina sem enn er til. Innblástur sótti hópurinn til uppeldisfræði Reggio Emilia sem segir að börn eigi 100 tungumál, ímyndunarafl þeirra og sköpunargáfa og hæfni sé mikil en þau fái ekki næg tækifæri til þroskast við daglegar aðstæður. Einnig var byggt á hugmyndum bandarískra barnasafna sem vinna út frá grundvellingnum að allt sé „áþreifanlegt“ og hvatningunni „snertið endilega“. Hópurinn nefndi húsið Eldfærin. Baráttu fyrir byggingu þess lauk með því að húsið var vígt árið 1997. Byggt var á stuðningi frá ýmsum vinveittum aðilum, þeirra á meðal bæjaryfirvöldum í Óðinsvéum.

Árin áður en húsið reis voru skipulagðar sýningar sem byggðu á ævintýrunum *Eldfærin*, *Svína-hirðirinn* og *Snædrottningin*. Þær urðu mjög vinsælar og augu fullorðinna opnuðust fyrir því að börn hefðu þörf fyrir stað þar sem ævintýrin urðu ljóslifandi fyrir þeim. Bæjaryfirvöld lögðu fé til hússins 1993 og einnig ferðasjóður atvinnulífsins. Fyrstu tvö árin eftir vígslu var meginþemað í húsinu H. C. Andersen ævintýrið *Næturgalinn*, frá því í janúar 2000 var það *Litla hafmeyjan* og árið 2001 var þemað „að ferðast“. Ferðalagið var farið í gegnum húsið og leiðarhnoðan var fimm ævintýri H. C. Andersen. Árið 2002 var þemað *Þumalína*.

Börnum og fullorðnum gefst meðal annars kostur á að fá förðun áður en þau ganga inn í töfraheim hússins. Búið er til sérstakt söguferli fyrir börn sem koma í hópum úr skólum og þar eru þau leidd í gegnum ævintýri. Í húsinu er enn fremur hægt að hlusta á ævintýri, fara í tónlistarherbergi með trommum og sílafónum og spila eða hlusta.

Þær tvær grunngerðir barnameningarhúsa, sem lýst er hér að ofan verða skoðaðar nánar síðar í þessari skýrslu með hliðsjón af því hvað myndi henta okkur Íslendingum best í þessum efnum.

6. Barnamening í nokkrum húsum á Íslandi

Barnameningu er víða sinnt vel á Íslandi og það væri að minnsta kosti efni í eina þykka bók ef farið væri út í að lýsa starfi almennra grunnskóla, tónlistarskóla, listdanskóla, dansskóla og íþróttafélaga sem sannarlega vinna merkilegt og mikilvægt starf á sviði barnameningar. Það verður ekki gert hér. Hins vegar verður, eins og áður er getið, skoðuð nokkur dæmi um barnameningarstarf hérlendis sem eru í anda barnameningarstofnana. Það fer í öllum tilvikum fram innan stofnana sem einnig þjóna fullorðnum. Aftast er einnig hnýtt við lýsingu á helsta barnaefni í íslenskum ljósvakamiðlum.

Barnamening á bókasöfnum

Amtsbókasafnið á Akureyri

Í bókasafninu eru sögustundir fyrir 3-7 ára tvisvar sinnum í viku yfir veturinn og einn laugardag í mánuði. Hver stund er um 45 mínútur. Í sögustundum er lesið fyrir börnin, fjallað um efni bókana, hlustað á tónlist, fönndrað, spilað, púslað og margt fleira.

Mismunandi þema er eftir mánuðum. Einnig er frætt um hvernig á að umgangast bækur. Rætt er um röðunarkerfið á barnabókunum og hvað verður um „veikar“ bækur sem þurfa að fara á „bóka-spítala“. Leikskólar fá einnig sérstakar sögustundir á safninu. Leshring er haldið úti fyrir 12-13 ára börn. Þátttakendur í honum hittast einu sinni í mánuði yfir veturinn og ein bók er lesin sameiginlega. Hópurinn skiptist á skoðunum um efni bókana og veltir hinum ýmsu þáttum og viðburðum þeirra fyrir sér. Einnig er rætt um höfundinn og gagnrýni sem gefin hefur verið út opinberlega.

„Sumarlestur“ er lestrarhvetjandi námskeið með sérstakri áherslu á grenndarkennslu. Það er þriggja vikna námskeið fyrir 9 ára börn á sumrin og er unnið í samvinnu við Minjasafnið. Safnkynningar eru fyrir skólanema og eru þær til að kynna börnum almenningsbókasafnið þeirra, hvað þar er að finna, hvaða þjónusta er boðið upp á og svo framvegis. Gengið er með börnin um safnið og athygli þeirra vakin á fjölbreyttum safnkosti. Til viðbótar er ýmis starfsemi fyrir börn. Bangsadagurinn er 27. október ár hvert. Þá er bangsaþema og sérstök Bangsadagssögustund. Dagur bókarinnar, 23. apríl, hefur einnig á undanförunum árum verið haldinn hátíðlegur á Amtsbókasafninu. M.a. hafa nemendur úr grunnskólum bæjarins komið og lesið upp úr ýmsum verkum fyrir gesti bæjarins. Til viðbótar þessu er haldin smásagnasamkeppni fyrir börn af og til.

Borgarbókasafnið í Reykjavík

Í markmiðum Borgarbókasafns segir í fjórðu grein: „heimsóknir í Borgarbókasafn eru hluti af menningaruppeldi barna og unglinga“ Leiðir:

Boðið er upp á safnfræðslu skólanema og þess gætt að góð tengsl séu við skóla í Reykjavík.

Sögustundir fyrir lítil börn eru fastir vikulegir viðburðir og einnig er boðið upp á aðra viðburði eins og t.d. brúðuleikhús og tónlist.

Boðið er upp á sérstök námskeið, eins og ritsmiðjur fyrir börn og unglinga.

Boðið er upp á safnkost við hæfi barna og unglinga.

Lögð er áhersla á lestrarhvatningu og upplýsingalæsi barna og unglinga.

Til þess að hvetja börn til lesturs lánað Borgarbókasafn barnabækur til heilsugæslustöðva til afnota fyrir þá sem þangað sækja þjónustu. Einnig eru þar bæklingar frá safninu um mikilvægi þess að lesið sé fyrir börn. Starfsmenn barnadeilda fara í heimsóknir á svokallaða „foreldramorgna“ í kirkjum og kynna safnið. Sögustundir eru fyrir leikskólabörn og börn sem koma með foreldrum sínum.

Tekið er á móti öllum fjórðu bekkjum í Reykjavík og er starfsemi Borgarbókasafns kynnt fyrir þeim. Einnig koma aðrir hópar í safnkynningar en sérstök áhersla er lögð á fjórðu bekkina.

Í safninu er efnt til bókasjalls eða kynningar á skemmtilegum og áhugaverðum bókum og einnig fara starfsmenn í heimsóknir í skóla og kynna fyrir nemendum áhugaverðar bækur. Í öllum deildum safnsins er boðið upp á ritsmiðju fyrir 8-12 ára. Ritsmiðjan stendur yfir í eina viku í júní. Börnin semja eigin texta með aðstoð rithöfunda. Einnig hefur verið boðið upp á ritsmiðju á öðrum tíma ársins. Öðru hverju eru getraunir í söfnunum um ýmislegt tengt bókum og bókalestri. Í byrjun hvers árs gefst öllum börnum á aldrinum 6-12 ára kostur á að velja þrjár bækur sem þeim þykja bestar af bókum útgefnum árið á undan og eru höfundar/þýðendur bókanna sem kosnar eru verðlaunaðir svo og átta þátttakendur. Í tilefni af þessu lætur Borgarbókasafn útbúa árlega veggspjald með myndum af kápum þeirra bóka sem koma út fyrir 6-12 ára og er það sent til allra skólanna.

Rithöfundar koma í söfnin og lesa fyrir börn og unglinga. Þá má nefna Bókmenntagöngu fyrir menntaskólanema. Þeir eru leiddir á sögu-slóðir ákveðinna bóka og lesið er upp úr þeim.

Ýmislegt fleira er boðið upp á í hinum ýmsu deildum Borgarbókasafns. Má þar helst nefna brúðu-leiksýningar, leikrit, söngskemmtanir, listasmiðjur, tónsmiðjur, töframenn sem sýna listir sínar svo fátt eitt sé nefnt.

Bókasafn Hafnarfjarðar

Safnið er með vikulegar sögustundir fyrir 3-6 ára krakka frá 1. október og fram til 30. apríl á hverju ári. Til viðbótar eru skólakynningar eða hópakynningar, bæði fyrir leikskóla og skóla. Þær fara þannig fram að yngstu börnunum er sýnt hvað er í boði í safninu. Eldri krökkum er kennt á safnið, hvernig hægt er að finna bækur í því og fleira. Kynningarnar eru í sumum tilvikum skipulagðar af safninu og í öðrum tilvikum berst beiðni um kynningu og er leitast við að taka slíkum erindum vel.

Þessu til viðbótar býður Bókasafn Hafnarfjarðar upp á tölvur með leikjum fyrir krakka. Netkaffi bókasafnsins er opið öllum aldurshópum, gegn vægu gjaldi, og börn eru dugleg að nýta sér það. Tölvurnar í barnadeildinni eru hins vegar einungis fyrir leiki og afnot af þeim eru ókeypis. Þá er einnig vinsælt að fá sér sæti í safninu og lesa bækur og blöð.

Þetta er allt það sem er í boði að jafnaði, en ýmislegt fleira er gert fyrir börnin. Þar má meðal annars nefna getraunir, upplestra, leikhús og sumarlestur. Börnum er frjálst að læra á barnadeildinni, sem og í fjölnotasal í kjallara, sem er líka hentugur fyrir hópastarf. Börnin nýta sér þetta, sérstaklega fyrir prófin, þar sem 16 ára aldurstakmark er á lesstofu safnsins.

Bókasafn Kópavogs

Sögustundir fyrir 3ja-6 ára börn eru elsti þátturinn í barnastarfi safnsins. Þær hafa verið á dagskrá að vetrinum í fjöldamörg ár og lengst af á sama tíma, miðvikudögum kl. 10:00 og 14.00, u.þ.b. 45 mínútna langar. Það er alltaf aðsókn að þessum stundum, þó næstum eingöngu fyrir hádegis og er nú orðið mest um börn frá leikskólunum, enda eru flest börn á þeim.

Frá árinu 1993 voru haldnar bókakynningar fyrir 8-12 ára börn í júnímánuði og var aðsókn ágæt fyrstu árin. Með auknu framboði af alls konar sumarvámskeiðum hin síðari ár fækkaði þátttakendum og hefur nú verið breytt til. Börnin fá litla bók til að skrá í hvað þau lesa og svo fá þau stimpil fyrir hverja lesna bók. Að loknum sumarlestrinum fá þau svo viðurkenningarskjal. Ágæt þátttaka var í þessu verkefni sl. sumar.

Safnið hefur einnig verið með adventusögustundir í desember. Fyrst var daggæsludeildum grunnskólanna boðið, þ.e. 6-9 ára börnum, en kennarar hafa í auknum mæli komið með bekk barna á þessum aldri til að hlýða á jólasögur og skoða nýju bækurnar sem streyma að á þessum árstíma.

Nokkrir dagar eru í meiri hávegum hafðir en aðrir á safninu. Þar má fyrst telja Alþjóðlega bangsaginn, 27. október, þá er safnið með léttu getraun fyrir yngri börnin allan októbermánuð sem dregið er úr á Bangsaginn. Alltaf eru bangsar í vinning.

Dagur bókarinnar, 23. apríl og Dagur íslenskrar tungu 16. nóvember eru haldnir hátíðlegir með ýmsum hætti. Oft hafa grunnskólabörn tekið að sér að vera með uppákomur, t.d. lestur úr uppáhaldsbókunum sínum eða öðrum völdum bókum. Eitt sinn voru sex ára börn með samfellda dagskrá úr verkum Jónasar Hallgrímssonar á Degi íslenskrar tungu og fluttu hana mjög vel. Þetta er líka tækifæri fyrir börnin til að koma fram.

Reynt hefur verið að bjóða upp á skapandi starf, sérstaklega á sumrin. Einn liður í því er að ljóða-samkeppni fyrir börn og unglinga sem almenningsbókasöfn landsins standa að annað hvert ár. Áður en sú keppni komst á fót stóð safnið reyndar sjálft fyrir svona keppni meðal ungmenna í bænum og gaf út kver með afrakstrinum. Nýliðinn vetur var boðið upp á námskeið í rappi þar sem Erpur Eyvindarson kenndi og síðastliðið sumar kenndi Ragnar Ingi Aðalsteinsson vísna- og ljóðagerð. Sýningar á myndverkum barna eru öðru hverju á safninu. Margar koma frá leikskólunum en börnum utan úr bæ hefur líka verið boðið að koma með myndir á ákveðnum tíma til að sýna í safninu.

Á umliðnum árum hafa brúðuleiksyningar fyrir börn verið fengnar á safnið. Síðan flutt var í nýtt hús vorið 2002 hefur aðstaða til slíkra sýninga batnað því á nýja staðnum er ágætur samkomusalur.

Bókasafnið er í sambyli við Náttúrufræðistofu Kópavogs í nýja húsinu og ágæt samvinna er á milli stofnananna. Síðastliðið sumar, á árlegum Kópavogsdögum, höfðu stofnanirnar samstarf um hvaladaga. Leikskólabörn komu þá í heimsókn, tveir hópar á dag í tvær vikur. Börnin kynntust viðkomandi dýri á Náttúrufræðastofu og heyrðu svo sögu af því á Bókasafninu. Í ár er ætlunin að hafa sameiginlega seladaga og í fyrrasumar höfðu stofnanirnar samvinnu um skrímsladaga. Fenginn var skrímslafræðingur til að tala um fyrirbærin og svo voru gefnar „náttúrlegar skýringar“ á þeim. Börnin skráðu sig fyrirfram á þetta námskeið og var þátttaka góð.

Annað sem hefur verið á dagskrá hjá safninu er t.d. val á bestu barnabók ársins og getraunir og þrautir af ýmsu tagi. Venjulega koma margar réttar lausnir og veitt eru lítil verðlaun eða viðurkenningar.

Ein leikjatölva er í barnadeildinni og kostar ekkert að fara í hana en tíminn er takmarkaður. Einnig eru safnið með ýmis spil, tafl, o.þ.h. til að nota í deildinni. Leigð er út tónlist á geisladiskum, svólítið af tölvuleikjum og svo myndbönd, en fyrir þetta er greitt lítilsháttar gjald. En fyrirferðarmestur er bókakosturinn, sem er mjög ríkulegur og við allra hæfi. Svólítið er af hljóðbókum og nokkur tímarit. Börn að 18 ára aldri fá ókeypis lánþegakort á Bókasafni Kópavogs.

Barnamenning í leikhúsum - barnaleikhús

Bandalag íslenskra leikfélaga

Undanfarin fimm ár hafa aðildarfélag í Bandalagi íslenskra leikfélaga verið um 70 og sett upp að meðaltali 12 barnasýningar hvert ár. Skrifstofan þjónar áhugaleikhópum. Skólaleikfélög leita til skrifstofunnar um ráðgjöf og aðra þjónustu. Á skrifstofunni er að finna stærsta safn landsins af barnaleikritum sem hafa verið fjölfölduð til lestrar.

Leikfélag Akureyrar

Leikfélag Akureyrar er eina atvinnuleikhúsið á landinu utan höfuðborgarsvæðisins. Af þeim 4-5 verkum sem árlega eru sýnd er yfirleitt ein sýning sem höfðar sérstaklega til barna. Leikhúsið heldur reglulega leiklistarnámskeið fyrir börn og unglinga. Að auki taka starfsmenn leikhússins á móti fjölda nemenda sem koma í heimsókn í leikhúsið. Stefnt er að því að Leikfélagið bjóði á næstunni upp á leiklist sem valgrein í skólum bæjarins.

Borgarleikhúsið

Borgarleikhúsið hefur frá árinu 1995 haldið úti skipulögðu barna- og fræðslustarfi. Öllum nemendum í 4. og 5. bekkjum grunnskóla Reykjavíkur var boðið að koma í heimsókn í leikhúsið, 4. bekk til þess að kynna starfinu á bak við tjöldin og 5. bekk til þess að sjá sérsniðnar sýningar. Hin síðari ár hafa Leikfélag Reykjavíkur og Íslenski dansflokkurinn tekið á móti börnunum í sameiningu og þau hafa fengið að fylgjast bæði með leik- og danssýningu. Heimsóknir þessar voru afar vinsælar meðal nemenda og kennara og leikhúsfólki er það mikil ánægja að kynna starfsemi leikhússins og þau verk sem þar eru unnin. Barnastarfinu var upphaflega ýtt úr vör með styrk frá Fræðsluráði Reykjavíkur. Síðar var styrkurinn fluttur til skólanna sjálfra, án þess þó hann væri eyrnamerkur leikhúsheimsókn og brá leikhúsið þá á það ráð að bjóða öllum skólum að koma í heimsókn í leikhúsið, gegn vægri greiðslu. Þessar skipulögðu heimsóknir barna í leikhúsið lágu niðri veturinn 2003/2004, sökum aðhaldsaðgerða í rekstri, en leitað verður leiða til að endurvekja barnastarfið á næsta leikári.

Auk hins skipulagða barnastarfs, sem miðast við 4. og 5. bekki grunnskólanna, hefur starfsfólk Borgarleikhússins lagt sig fram við að koma til móts við óskir nemenda og kennara í efri bekkjum grunnskóla og í framhaldsskólum um kynningu á leikhúsinu og starfsemi þess. Ótal nemendur hafa komið í starfskynningar í leikhúsinu, skoðað húsið hátt og lágt og fræðst um það hvernig leiksyning

verður til og fengið að fylgjast með æfingum. Þá hefur verið tekið á móti hópum skólafólks fyrir leiksýningar, þau frædd um verkefni kvöldsins, og að loknum leiksýningum hafa leikarar og stundum listrænir stjórnendur rætt við nemendur um sýningu kvöldsins.

Auk ofangreinds, sem stendur alltaf til boða, verður eftir fremsta megni reynt að bjóða með reglulegu millibili upp á „innsýn í starfið í leikhúsinu“. Þá gefst hópum skólafólks kostur á að koma í örstutta heimsókn í leikhúsið, fá hálf tíma kynningu á leikhúsinu og starfsemi þess og fylgjast með æfingu í hálf tíma. Leikarar og listrænir stjórnendur sýningarinnar sem verið er að æfa gera ekki sérstakt hlé á starfi sínu vegna heimsóknarinnar, heldur fá hóparnir að vera „flugur á vegg“, en annar starfsmaður leikhússins - leikari, ef því verður mögulega við komið - fræðir þau um allt sem þau lystir að vita um sýninguna sem verið er að vinna og starfið í leikhúsinu almennt. Þessar heimsóknir standa til boða um þremur vikum fyrir frumsýningu hvers verkefnis, eftir aðstæðum hverju sinni.

Borgarleikhúsið hefur árlega frumsýnt ný barnaleikrit, nú síðast *Línu langsokk*. Auk þess var á síðasta ári boðið upp á *Ísleikhús* fyrir yngstu börnin á Litla sviði, stutta leiksýningu fyrir lítið fólk - og svo fengu allir ís á eftir. Þessi leikur verður vafalaust endurtekinn síðar. Börn, yngri en 12 ára, fá frítt í leikhúsið í fylgd með fullorðnum (nema á barnaleikrit og söngleiki). Börn og fullorðnir borga lægsta miðaverð á barnasýningar. Kennarar fá frítt í fylgd með hópi á þeirra vegum.

Þjóðleikhúsið

Þjóðleikhúsið hefur allt frá stofnun, árið 1950, lagt áherslu á að bjóða upp á sýningar sérstaklega ætlaðar ungum leikhúsgestum. Í leiklistarlögum er mælt fyrir um að Þjóðleikhúsið skuli á hverju leikári sýna eitt eða fleiri viðfangsefni sérstaklega ætluð börnum. Barnasýningar leikhússins hafa flestar verið sýndar á Stóra sviðinu, en leikhúsið hefur einnig sett upp sýningar fyrir börn á minni sviðunum, auk þess sem farið hefur verið með barnasýningar í leikferðir um landið og í skóla. Þjóðleikhúsið hefur ætíð haft náið samstarf við skólana í landinu og fengið í heimsókn nemendur á öllum skólastigum, hvort sem um er að ræða hópferðir á leiksýningar eða skoðunarferðir um leikhúsið. Mörg hundruð skólabarna fá á hverju leikári tækifæri til að skyggjast baksviðs í leikhúsinu og fræðast um starfsemi þess.

Fræðsludeild Þjóðleikhússins var stofnuð árið 2002, en henni er ætlað að efla samstarf leikhússins við skóla, og þá sérstaklega kennara, með það að markmiði að efla leiklistina sem kennslugrein í íslenskum skólum. Fræðsludeildin hefur meðal annars boðið kennurum upp á námskeið í leiklistarkennslu, gefið út námsefni og fræðsluefni um leikhús og hvatt til umræðu um leiklistarkennslu á öllum skólastigum. Að sögn Þjóðleikhússmanna býr hjargföst trú á uppeldislegu og menningarlegu gildi leiklistar að baki stofnunar Fræðsludeildar Þjóðleikhússins.

Norræn barnaleikhúshátíð á Íslandi

ASSITEJ (Association Internationale de Theatre des Enfants et Jeunesse) er alþjóðlegt net barna- og unglíngaleikhúsa sem var stofnað árið 1965 með það markmið í huga að efla leiklist fyrir börn og unglínga og afla henni aukinnar virðingar. Nú tengir þetta net þúsundir einstaklinga, stofnana og leikhúsa. Aðildarfélögin eru orðin 75 í 6 heimsálfum.

ASSITEJ-Ísland var stofnað árið 1990. Aðilar að samtökunum eru nú í kringum 20 leikhópar og leikhús, stór og smá. ASSITEJ á Íslandi hefur staðið í stórframkvæmdum á undanförunum misserum. Í fyrrahaust var haldin Barnaleikhúsmessa á vegum samtakanna og um miðjan maí 2004 stóð ASSITEJ á Íslandi fyrir norrænni barnaleikhúshátíð í fyrsta sinn hér á landi.²¹

Möguleikhúsið

Möguleikhúsið er atvinnuleikhús sem var stofnað árið 1990 og sérhæfir sig í leiksýningum fyrir börn og unglínga. Möguleikhúsið hefur aðsetur að Laugavegi 105 (við Hlemm) og er þar með sýningaraðstöðu sem rúmar 100 áhorfendur. Börn og unglíngar, jafnt á höfuðborgarsvæðinu sem utan þess, hafa haft aðgang að sýningunum í samstarfi við skólafyrirvöld á hverjum stað. Heimsóknir í skóla landsins og heimsóknir skólanna í leikhúsið eru burðarásinn í starfsemi þess. Með því að nálgast áhorfendur á þennan hátt verður leikhúsið aðgengilegra börnunum og þannig hluti af eðlilegu skólalífinu. Með þessu fyrirkomulagi hefur leikhúsið fest sig í sessi í íslensku þjóðfélagi og er orðið stór þáttur í menningar- og listuppeldi barna um allt land. Vatnaskil urðu í starfsemi leikhússins árið 2001 þegar gerður var samstarfssamningur til þriggja ára við Reykjavíkurborg. Ári síðar fylgdi samningur við menntamálaráðuneytið sem var samhljóða samningnum við Reykjavíkurborg næstu tvö árin. Með tilkomu þessara samninga var rekstrargrundvöllur leikhússins tryggður um hríð og því gert kleift að frumsýna tvær sýningar á ári og gera raunsæjar áætlanir fram í tímann.

Leikhúsið 10 fingur

Leikhúsið 10 fingur er ferðaleikhús sem var stofnað árið 1994 af Helgu Arnalds og hefur ferðast milli skóla og leikskóla í landinu og víðar í 10 ár. Þetta er einsmannsleikhús en fjöldi leikara, tónlistarmanna, leikstjóra, hönnuða og myndlistarmanna hafa starfað með leikhúsinu. Allar sýningar leikhússins eru mjög myndrænar og eru byggðar upp með brúðum, grimum, skuggaleikhúsi og stundum töfrabrögðum.

Sýningar leikhússins hafa verið bæði fyrir fullorðna og börn. Þar má nefna *Englaspil*, fyrstu sýningu leikhússins sem er ætluð fyrir yngstu börnin í leikskólunum, *Sólarsögu*, skuggaleiksýningu sem er fléttuð saman úr þjóðsögum af sólinni frá ýmsum löndum og *Jólaleik* sem er jólaguðspjallið flutt með brúðum. Þessi sýning hefur orðið fastur liður í jólaundirbúningi margra skóla og leikskóla í landinu og er alltaf jafn vinsæl.

Leifur heppni er sýning sem 10 fingur hefur farið með út um allan heim. Þetta er dagsönn lygasaga sem segir frá því hvernig ferðum Leifs var háttað í raun og veru. *Gosi* var settur upp í samstarfi við Leikfélag Akureyrar og segir frá spítustráknum Gosa. *Mjallhvít* er sígild saga, sögð með töfrabrögðum. *Rauðu skórnir* er sýning sem var frumsýnd í janúar sl. í Borgarleikhúsinu, mjög sérstök sýning fyrir unglínga sem var sett upp í samstarfi við leikhúsið Sögusvuntuna.

Leikhúsið 10 fingur hefur m.a. sýnt á öllum Norðurlöndunum, á Spáni, í Bandaríkjunum og Ástralíu.

Sögusvuntan

Sögusvuntan er ferða-brúðuleikhús fyrir börn og þar hafa verið settar upp 10 sýningar undanfarin 20 ár. Það er Hallveig Thorlacius sem rekur þetta leikhús, semur allt efni, býr oftast til brúður og leikmyndir og leikur ein en stundum með hljóðfæraleikara. Hún hefur flakkað með þessar sýningar um Reykjavík, hringinn í kringum landið og út um heim, til allra Norðurlandanna, Bretlands, Bandaríkjana, Kanada, Kína, Rússlands, Grænlands og Færeyja.

Eitt mikilvægasta markmið Sögusvuntunnar er að viðhalda sagnahefð formæðra okkar og forfeðra. Nútíminn vill horfa en ekki hlusta. Við því þarf að bregðast með því að segja sögurnar á sýnilegan hátt, en vera jafnframt með áhorfendum hér og nú. Reginmunur er á ópersónulegum miðli eins og sjónvarpi og persónulegri nálægð sögumannsins. Og í Sögusvuntunni eru áhorfendur alltaf dregnir inn í atburðarásina. Þeir eiga helst að fara út með þá tilfinningu að hafa með hugdirfsku sinni bjargað söguhetjunni frá bráðum bana.

Á þessum tuttugu árum hafa ýmsir leikstjórar unnið að sýningum Sögusvuntunnar. Sýningarnar hafa verið af ýmsum toga. Má þar nefna verkin: *Músin Rúsína* (hættusaga úr fuglabjargi), *Smjörbitasaga* (úr sagnabrunni ömmu), *Prinsessan í Skýjaborgum* (frumsamið ævintýri), *Húfa Guðs* (um leyndardóma lífsins), *Jólaökötturinn* og *Ævintýri á jólanótt* (jólasýningar) *Minnsta tröll í heimi* (eða Súpan hennar Grýlu), *Ert þú mamma mín?* (fyrir þau allra allra minnstu), *Loðinbarði* (gamalt íslenskt ævintýri), *Sögur á hörpu* (sögur frá ýmsum löndum og sígild tónlist). Næsta verkefni Sögusvuntunnar verður byggt á Íslendingasögunum.

Börn og ópera

Íslenska óperan

Íslenska óperan sýndi þegar á fyrsta starfsári sínu, í október 1982, barnaóperuna *Litli sótarinn* eftir Benjamin Britten. Síðan kom óperan *Nóaflóðið* eftir Britten í febrúar 1984. Óperan Litli sótarinn var svo sýnd aftur í janúar 1988. Í sambandi við þessar sýningar var höfð samvinna við tónmenntakennara grunnskólanna í Reykjavík um að tónlistin úr óperunni yrði hluti af námsefninu í tónmennt. Voru börnunum kenndir nokkrir söngvarar úr óperunni og mættu þau svo með sínum skóla á sýninguna og tóku undir í þeim söngvum sem þau höfðu æft. Í Nóaflóðinu skipuðu um 200 börn hljómsveitina og léku til skiptis á sýningum.

Eftir þetta varð nokkuð hlé á óperusýningum sem voru sérstaklega ætlaðar börnum og það var ekki fyrr en í janúar 1996 að óperan *Hans og Gréta* eftir Engelbert Humperdinck var frumsýnd. Næsta frumsýning var í október 2000. Þá var frumflutt óperan *Stúlkan í vitanum* við tónlist eftir Þorkel Sigurbjörnsson. Sú sýning var samvinnuverkefni Íslensku óperunnar, Tónmenntaskóla Reykjavíkur, „Reykjavík Menningaborg Evrópu árið 2000“ og Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur. Fræðslumiðstöð Reykjavíkur tók þá ákvörðun að bjóða heilum árgangi (5. bekk) í grunnskólum borgarinnar á sýninguna á skólatíma. Árið 2001 eða nánar tiltekið 14. september 2001 var samningur Óperunnar við ríkið endurnýjaður og í þeim samningi kveður á um að Íslenska óperan skuli, auk þess að vera með tvær óperuuppfærslu á starfsárinu, sýna eina barnaóperu eða endursýna eina óperu.

Í nóvember 2001 frumflutti Íslenska óperan barnaóperuna *Skuggaleikhús Ófelíu*, með tónlist eftir Lárus H. Grímsson, í samvinnu við Strengjaleikhúsið. Menningarborgasjóður Listahátíðar í Reykjavík, menntamálaráðuneytið og Borgarmenningarsjóður styrktu sýninguna. Auk þess gerði Námsgagnastofnun kennsluæfni fyrir börnin sem boðið var á óperuna. Í nóvember 2003 frumflutti Óperan einnig í samvinnu við Strengjaleikhúsið unglingaóperuna *Dokaðu við*, við tónlist eftir Kjartan Ólafsson. Þegar *Töfraflautan* var sýnd í Íslensku óperunni haustið 2001 voru nokkrar síðdegissýningar, sérstaklega ætlaðar börnum, þar sem boðið var upp á kynningu fyrir börn á undan sýningum. Mæltist það mjög vel fyrir. Íslenska óperan hefur tvívegis tekið þátt í Tónlist fyrir alla.

Börn og dans

Íslenski dansflokkurinn

Íslenski dansflokkurinn leggur töluverða áherslu á menningarstarf með börnum og kynningarstarf fyrir þau. Í mars og apríl 2004 fór Peter Anderson, dansari og danshöfundur Íslenska dansflokksins, með nýtt verk sem nefnist *Yrk* í sjö grunnskóla á Suðurnesjum ásamt fjórum dönsurum á nemendasmningi hjá Íslenska dansflokknum og tveimur tónlistarmönnum. Verkefnið var sýnt undir formerkjum „Tónlistar fyrir alla“. Haldin var kynning á dansi, krakkarnir fengu að taka virkan þátt í að skapa dansverk og prófa sig áfram. Loks var svo dansverkið sýnt Þetta var gert fyrir alla aldurshópa innan skólanna. Áformað er að halda þessu samstarfsverkefni áfram næsta vetur.

Á Vetrarhátíð í Reykjavík þann 20. febrúar síðastliðinn bauð Íslenski dansflokkurinn elstu deild fjögurra grunnskóla í Reykjavík á opna æfingu í Borgarleikhúsinu. Nokkrum dögum fyrir æfinguna, fór starfsmaður Íslenska dansflokksins í heimsókn í skólana. Þar kynnti hann dans almennt til að opna augu nemenda fyrir listgreininni og vekja áhuga. Á æfingunni fengu nemendur að fylgjast með hvernig dansarar vinna og fengu að sjá brot úr tveim verkum sem verið var að æfa. Um 500 nemendur mættu. Eftirfylgni fólst í spurningalista sem nemendur voru beðnir um að svara.

Íslenski dansflokkurinn hefur um árabil heimsótt skóla reglulega og boðið þar upp á kynningar eða stuttar sýningar. Einnig hefur börnum verið boðið að koma í heimsókn til að fylgjast með starfsemi Íslenska dansflokksins Dansnemendur hafa fengið sérstakt tilboð á sýningar og þeim hafa verið sendar upplýsingar um Íslenska dansflokkinn.

Frá 1996–2003, eða frá því að Íslenski dansflokkurinn fékk aðsetur í Borgarleikhúsinu, hefur hann tekið þátt í árlegu barnastarfi með Leikfélagi Reykjavíkur í Borgarleikhúsinu. Níu og tíu ára grunnskólabörn hafa komið í heimsókn og hefur Íslenski dansflokkurinn þá sýnt brot úr ýmsum verkum og frætt þau um listdans. Barnaverkið *Kaldur sviti* var sett upp 1996, sérstaklega fyrir barnastarfið, og sýnt um árabil. Markmiðið með verkefninu er að kynna börnunum leyndardóma og töfra leikhússins, þroska með þeim hæfileika til að njóta leiklistar, örva sköpunargáfu þeirra og efla um leið þann frumkraft sem nauðsynlegur er til að vera skapandi og virkur þegn í nútímasamfélagi.

Til viðbótar þessu efndi Íslenski dansflokkurinn til tveggja sýninga í samstarfi við Ljósahátíð í Reykjavík fyrir 13–15 ára unglinga í febrúar 2002. Flokkurinn sýndi brot úr ýmsum verkum og efndi til umræðna við unglingana á eftir. Alls sóttu 950 manns þessar sýningar.

Börn og tónlist

Tónlist fyrir alla

Tilgangur „Tónlistar fyrir alla“²² er að kynna íslenskum grunnskólabörnum ólíkar tegundir tónlistar sem þau læri að meta í skólum sínum í lifandi flutningi fremstu listamanna. Dagskrár „Tónlistar fyrir alla“ eru fjölbreyttar og eiga allar tegundir tónlistar þar heima. Til þessa hefur klassísk tónlist, nútímatónlist, óperutónlist, djass, tangó, vísnatónlist, heimstónlist og barnalög verið flutt skólabörnum.

„Tónlist fyrir alla“ er samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga sem fær fjárframlag af sérstökum lið í fjárlögum og nýtur stuðnings frá sveitarfélögum í formi hóflegs nemendagjalds sem er 155 kr. fyrir hvern nemenda sem sækir skólatónleikana. Yfirbygging er ekki mikil, en einn starfsmaður gegnir hálfri stöðu sem verkefnisstjóri. Leitað er eftir aðstoð frá einkafyrirtækjum til að vegur „Tónlistar fyrir alla“ geti orðið sem mestur og til að hvert skólabarn í grunnskólum Íslands fái tækifæri til að heillast af töfrum tónlistarinnar með metnaðarfullri dagskrá sem sniðin er að þörfum barna.

Upphaf „Tónlistar fyrir alla“ má rekja til ársins 1992 en þá hófst tónleikahald í skólum og fyrir almenning undir þessu nafni. Jónas Ingimundarson píanóleikari er brautryðjandinn. Skóla- og bæjarstjórnarmenn á Selfossi tóku fegins hendi tillögum hans um skólatónleika og næsta ár bættust skólar í Kópavogi í hópinn, síðan á Akranesi og í Keflavík.

Á 50 ára afmæli Lýðveldisins Íslands árið 1994 færði Noregskonungur Íslendingum peningagjöf. Hluta gjafarinnar skyldi varið til að skipuleggja skólatónleika á Íslandi í samvinnu við Ríksskonserterne í Noregi, þar sem aldarfjórðungsreynsla er af tónleikahaldi í skólum. Menntamálaráðherra skipaði verkefnisstjórn og var ákveðið að byggja á starfi Jónasar Ingimundarsonar.

Sem vænta mátti hefur „Tónlist fyrir alla“ fært út kvíarnar og árið 2003 tókst í fyrsta sinn í sögu Tónlistar fyrir alla að bjóða öllum sveitarfélögum landsins upp á skólatónleika, fyrir utan þau sveitarfélög sem þegar eru með öflugt skólatónleikahald á eigin vegum. Þó setur þröngur fjárhagur verkefninu skorður en verkefnisstjórn hefur sett sér það takmark að í framtíðinni sé það tryggt að nemendur á landinu öllu geti notið skólatónleika tvisvar á ári. Mjög brýnt er að skólabörn í strjálbýli njóti heimsókna listamanna þar sem þau eiga erfitt með að sækja listviðburði sökum búsetu.

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Sinfóníuhljómsveit Íslands leggur nú orðið meiri áherslu á tónlistardagskrá fyrir börn og fjölskyldufólk. Mótuð hefur verið skýr fræðslustefna á undaförnum misserum og er hluti hennar að fjölga markvisst ungum tónleikagestum og fjölskyldufólki.

Á næsta starfsári hefur göngu sína ný áskriftarröð fyrir börn og mun efnisskráin miða að því að skapa ánægjulega upplifun fyrir fjölskylduna alla. Sinfóníuhljómsveit Íslands bindur miklar væntingar við það að tónleikadagskrá fyrir börn verði vel tekið, verði er stillt í hóf og komið til móts við stórar fjölskyldur með stigvaxandi afslætti.

Skólatónleikar eru einnig fastur liður á hverju starfsári en þá koma gestir af öllum skólastigum, allt frá leikskóla til háskóla, ríflega 9000 einstaklingar og hlýða á flutning Sinfóníuhljómsveitarinnar. Hluti þessara tónleika eru liður í verkefninu „Tónlist fyrir alla“. Stefnt er að því að fjölga þessum gestum á komandi árum og enn frekari áhersla verður lögð á heimsóknir í skóla á næstunni sem og auk- ið samstarf við tónmenntakennara grunnskólanna.

Börn, myndlist og listasöfn

Myndlistaskólinn á Akureyri

Barnanámskeið Myndlistaskólans á Akureyri hafa ávallt skipað veglegan sess í starfsemi skólans. Þau eru hugsuð sem viðbót við námsframboð í grunnskólanum og er ætlað að glæða áhuga nemendanna á sjónlistum og örva sköpunargleði þeirra á markvissan hátt. Verkefni sem nemendur fá að glíma við eru fjölbreytt bæði að efni og innihaldi. Kennendur eru undirstöðuatriði teikunar, mótunar og málunar, auk tölvuteikunar.

Í kennslunni er gengið út frá því að öll börn hafi hæfileika til að skapa - upplifa list og njóta hennar. Innlagn verkefna hverju sinni miðar að því að auka og dýpka skilning á menningu og listum - listsköpun, listasaga, listgagnrýni og fagurfræði eru hugtök sem unnið er með. Nemendur og kennari ræða saman um viðfangsefnið, bæði verk barnanna og verk fullorðinna listamanna. Nemendur læra að sjá og upplifa í stað þess að horfa af vana á hlutina og fá þjálfun í að mynda sér sínar eigin skoðanir og rökstyðja þær. Þannig þroskast næmi nemendanna og sjónræn eftirtekt, sem gerir þá betur læsa á umhverfið.

Myndlistaskólinn á Akureyri hefur lagt ríka áherslu á að nýta stafræna miðla á barna- og unglinganámskeiðum með góðum árangri. Fyrir 10 árum var fyrsta tilraunin gerð með því að bjóða upp á tölvunámskeið þar sem börn komu með föður eða móður til að vinna sameiginlega að myndlist í tölvu. Síðan hafa verið haldin námskeið fyrir börn og unglunga í myndvinnslu og hönnun.

Myndlistaskólinn á Akureyri hefur haft forystu um að koma á samstarfi milli myndlistaskóla á Íslandi og Norðurlöndum. Árið 1998 var MARK (samstarfsverkefni á sviði lista og tölvusamskipta) stofnað, net þriggja myndlistaskóla á Íslandi um myndlistarkennslu og listuppeldi með áherslu á notkun stafræna miðla fyrir börn og unglunga. Myndlistaskólarnir á Akureyri, í Reykjavík og Kópavogi bundust samtökum um að vinna að verkefnum á sviði lista- og tölvusamskipta. Verkefnið naut sérstakrar fyrirgreiðslu menntamálaráðuneytisins og sveitarfélaganna þriggja.

Árið 1999 var síðan haldin í Myndlistaskólanum á Akureyri ráðstefna og námskeið sem nefndist *Digital projekt for barn og unge i Norden*. Þátttakendur voru Norsk Kunstscoleråd (Noregi), Riksforbundet for konstscoler for barn och unga (Finnlandi), Myndlistaskólinn á Akureyri, MARK (Íslandi), Riksforbundet for bildkonstscoler og barnakademier (Svíþjóð) og Børn-Kunst-Billeder (Danmörk). Norsk Kunstscoleråd hafði með höndum skipulagningu, ásamt Myndlistaskólanum á Akureyri, sem var gestgjafi. Norræna ráðherranefndin og ríkisstjórnir landanna styrktu verkefnið.

Myndlistaskólinn hefur tekið þátt í, skipulagt og stjórnað fleiri viðburðum og námskeiðum með þátttöku barna og ungmenna frá Norðurlöndunum. Eitt viðamesta verkefnið var NOVU 2000 - Litteratur, billedkunst og poesi sem fram fór í skólanum í tengslum við vinabæjamót með þátttöku gesta frá Randers í Danmörku, Ålesund í Noregi, Västerås í Svíþjóð, Lahti í Finnlandi auk Akureyringa.

Nemendur á barnanámskeiðum í Myndlistaskólanum á Akureyri eru á aldrinum 6 til 13 ára og á unglinganámskeiðunum eru þeir 14 til 16 ára. Á hverjum vetri eru tvær annir og nemendurnir 170-200.

Listasafnið á Akureyri

Barnastarf safnsins byggist upp á svokallaðri safnfræðslu. Dæmi um það er sýningin *Allar heimsins konur* sem stóð frá 13. mars til 9. maí. Í tengslum við hana var tekið á móti yfir 1000 börnum frá Akureyri og nágrenni. Safnið stendur fyrir fjölmörgum verkefnum sem eru miðuð við þarfir barnanna. Þegar þau koma í safnið er þeim sagt frá sýningunni en að því loknu vinna þau viðkomandi verkefni sem þau fara síðan með aftur í skólann og geta unnið úr því þar. Safnfræðsla er á öllum sýningum safnsins og það er með a.m.k. tvær sýningar á ári þar sem sérstök áhersla er lögð á að vinna ýtarlegan safnfræðslupakka. Heimsóknir á safnið eru gríðarlega vinsælar meðal skólabarna bæjarins.

Myndlistaskólinn í Reykjavík

Myndlistaskólinn hefur frá stofnun, árið 1947, lagt áherslu á kennslu barna og unglunga. Í allri listgreinakennslu er mikilvægt að kennslan sé einstaklingsbundin og námshópar eru því litlir, 8-14 börn í hverjum hóp. Verkefni eru ákaflega fjölbreytt og miðast við þroska hvers og eins. Lögð er áhersla á grundvallaratriði sjónlista í tvívídd og þrívídd, form, rými, liti, ljós og skugga. Markmiðið er að þjálfra athygli, örva skapandi leik og persónulega tjáningu. Jafnframt er stuðlað að því að þroska almenn vinnubrögð og tilfinningu fyrir formi og efni. Leitast er við að kveikja áhuga á myndgerð, umhverfi og formhugsun í víðu samhengi, m.a. með því að kynna nemendum listasögu (hönnun, myndlist, arkitektúr) og tengja hana þeim verkefnum sem unnin eru.

Skólinn hefur tekið þátt í fjölda alþjóðlegra myndlistasýninga fyrir börn og oftast en ekki hafa nemendur fengið verðlaun fyrir verk sín. Skólinn hefur einnig átt samstarf við leikskólann Dvergastein, sem fer þannig fram að kennt er í Myndlistaskólanum í Reykjavík undir leiðsögn myndlistarkennara, og í kennslunni er byggt á þeirri reynslu sem skapast hefur í barnadeild skólans og reynslu kennarans sem myndlistarmanns. Í hverri kennslustund er einn starfsmaður frá leikskólanum. Í kennslunni og með verkefnum er reynt að nýta áhuga barnanna, með því að vísa til þeirra eigin þekkingarheims og leitast við að skerpa sýn þeirra og næmi. Blandað er saman þeirri hugsun að óvænt atburðarás í sköpuninni sé ævinlega tilefni nýrra leiða.

Gerðuberg

Menningarmiðstöðin Gerðuberg hefur boðið upp á margháttada dagskrár fyrir börn og unglunga frá 1983. Af því starfi er listsmiðjan „Gagn og gaman“ tvímælalaust þekktust og virtust. „Gagn og gaman“ hefur verið starfrækt frá árinu 1988. Frumkvæðið áttu Elísabet B. Þórisdóttir, forstöðumaður Gerðubergs, og rithöfundurinn Sjón.

Í listsmiðjunni vinna börnin undir leiðsögn starfandi listamanna að skapandi verkefnum. Aðalmarkmið námskeiðanna er að örva sköpunarhæfni barna og hvetja þau til fjölbreyttrar tjáningar. Hvert námskeið er nýtt og aldrei endurtekið. Fyrstu árin vakti listsmiðjan nokkra athygli og var meðal annars hluti af dagskrá Listahátíðar í Reykjavík. Nú fréttist minna af starfsemi þótt öflug sé. Upp úr starfi „Gagns og gamans“ er meðal annars sprottið listaverkasafn Gerðubergs sem er einstakt safn myndverka eftir börn sem hefur orðið til síðustu 13 ár.

Til viðbótar Gagni og gamni skipuleggur Gerðuberg námskeið fyrir börn á afmarkaðri sviðum, meðal annars í myndlist, heimspeki og gerð lifandi mynda. Öllum námskeiðum lýkur með sýningu. Yfir vetrarmánuðina hafa verið haldin stutt námskeið fyrir börn í alls kyns mótun og list, þar sem aðstandendum barnanna er boðið að taka þátt í vinnunni.

Gerðuberg hefur um árabil staðið fyrir mörgum sýningum og öðrum listrænum viðburðum sem tengjast börnum. Menningarmiðstöðin skipuleggur farandsýningar með efni af námskeiðunum, sem að ofan eru nefnd, til stofnana og fyrirtækja. Gerðuberg hannar sýningarnar sem oftast eru þemabundnar. Einnig eru reglulega gefin út póstkort, með myndverkum úr barnalistaverkæign Gerðubergs. Þá fer einnig fram í Gerðubergi árleg barnabókaráðstefna í samstarfi við Ibby, Síung, Skólasafnamiðstöð Reykjavíkur og Félag skólasafnakennara. Til viðbótar má nefna leiksýningar fyrir börn og brúðuleikhús, nýsköpunarkeppni grunnskólanna, sýningu á evrópskum barnabókum og dagskrá á sumardaginn fyrsta.

Undanfarin ár hefur verið fastur liður að gefa börnum kost á að hlusta á rithöfunda lesa úr nýút-komnum bókum sínum á fjölskyldudeginum „Viltu lesa fyrir mig!“. Í kjölfar barnadagsins hófst sýningaröðin „Þetta vilja börnin sjá!“ þar sem myndskreytingar úr nýútgefnum barnabókum eru til sýnis. Upp úr því urðu til myndskreytiverðlaunin Dimmalimm en það er samstarf Pennans, FÍT, Myndstefs og Félags íslenskra bókaútgefenda. Þau sem unnið hafa verðlaunin eru Halla Sólveig Þorgeirsdóttir 2002 og Brian Pilkington 2003. Einnig hefur börnunum gefist kostur á að velja sinn uppáhalds myndskreyti og vinningshafi ársins 2003 var Sigrún Eldjárn og Guðjón Ketilsson 2004. Hugmyndin að Dimmalimm vaknaði þegar farið var að skoða hversu litla athygli og umbun myndskreytar frá fyrir störf sín. Farið var af stað og athugað hverjir gætu komið að verðlaununum og eru það ofangreindir sem sýndu verkefninu áhuga.

Gerðarsafn

Hjá Kópavogsbæ er nú starfandi safnakennari sem tekur á móti skólahópum í Listasafni Kópavogs, Gerðarsafni. Safnakennari útbýr og sendir upplýsingar til kennara og leiðbeinenda, tekur pantanir og veitir skólahópum leiðsögn um sýningar í safninu.

Safnakennslan nær til allra skólastiga, allt frá leikskóla til framhaldsskóla. Hún byggist á leiðsögn, umræðum og fræðslu eftir því sem hver sýning gefur tilefni til. Á safninu má fá verkefni sem eru sniðin fyrir mismunandi aldur og þroska nemenda. Leiðsögn fyrir grunnskólabörn er miðuð við námsskrá grunnskólanna.

Hafnarborg

Í Hafnarborg er mikil áhersla lögð á listauppeldi - fræðslu í tengslum við sýningar sem settar eru upp í húsinu. Hjá Hafnarborg starfa tveir safnakennarar, sem eru um leið starfandi listamenn, bæði með háskólamenntun í listum og kennsluréttindi. Skólum í Hafnarfirði og nágrennabyggðunum (Garðabæ og Álftanesi) eru sendar upplýsingar (myndskreyttur bæklingur) um hvað verður á dagskrá. Þetta er gert fjórum sinnum á ári, tvisvar á hvorri önn. Mismunandi upplýsingar eru sendar eftir skólastigum. Fræðslan sem veitt er fer eftir hópunum. Reynt hefur verið að virkja listamennina í fræðslunni. Skólarnir hafa tekið þessu mjög vel. Kennararnir bóka tíma fyrirfram og undirbúa börnin áður en þau koma. Heimsóknin þarf að vera fræðandi og skemmtileg í senn, vekja áhuga svo börnin langi til að koma aftur.

Á þeim 15 árum sem Hafnarborg hefur starfað hafa árlega verið settar upp sérstakar sýningar fyrir börn og með börnum. Þessar sýningar eru gjarnan í lok árs og sú hefð hefur skapast að nær allir leikskólar og yngri grunnskólanemar, úr Hafnarfirði og fleiri bæjum, heimsækja Hafnarborg á aðventunni, skoða sýningar, syngja jólalögin og ganga jafnvel kringum jólatréð. Þar að auki hafa verið settar upp sýningar á myndskreytingum úr barnabókum og „furðulegum söfnum fólks“ og ýmislegt fleira hefur verið gert.

Litið er á það sem eitt af meginmarkmiðum stofnunar á borð við Hafnarborg að sinna listauppeldi barna og ungmenna í bænum því þau eru gestir framtíðarinnar. Það er ákaflega skemmtilegt að sjá börn sem komið hafa með skólahópi, koma aftur með foreldra sína eða afa og ömmu.

Síðasta jólasýning Hafnarborgar, sem sett var upp með börnum, var unnin í samvinnu við elstu hópana í leikskólunum, fimm ára börn. Þemað var „Hin fyrsta jólanótt“. Vel var vandað til verksins, góður undirbúningur og metnaðarfull uppsetning, rétt eins og um sýningu fullorðinna listamanna væri að ræða. Sýningin var geysilega falleg, fékk mikla umfjöllun í fjölmiðlum og var fjölsótt.

Listasafn Íslands

Listasafn Íslands, sem er þjóðlistasafn, er miðstöð rannsókna, varðveislu og kynningar á íslenski myndlist. Safnið kaupir einnig og sýnir erlend listaverk. Fræðsludeild safnsins á náið samstarf við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Dagskrá fræðsludeildar og upplýsingar um sýningar og aðra viðburði eru sendar til allra menntastofnana á landinu. Einnig má finna upplýsingar um starfsemina á heimasíðu Listasafnsins. Fræðsludeildin leggur áhersla á að sýningar safnsins séu aðgengilegar börnum og jafnvel eru settar upp sérstakar sýningar með þau í huga. Fyrir utan móttöku nemendahópa er fjölmargt í boði sem tengja má börnum svo sem fjölskyldudagskrá og viðburði í tengslum við sýningar og málefni liðandi stundar.

Dagskrá fræðsludeildar er fjölbreytt og reynt er að höfða til sem flestra. Í boði er almenn leiðsögn og fyrirlestrar, námskeið, málþing og fræðslufundir um málefni myndlistar. Sérstakir kynningar- og fræðslufundir eru fyrir kennara og aðra þá er vinna með börnum og unglingum. Auk þess sem farið er með börn í ferð um safnið geta þau unnið sjálf með viðfangsefni sem fjalla um listaverk safnsins

eða þau verk sem eru sýnd hverju sinni. Lögð er áhersla á að koma til móts við óskir kennara um að tengja saman heimsóknina og vinnuna í skólunum. Þegar yngstu börnin koma í heimsókn er tekið tillit til þeirra eigin þarfa til að skapa.

Fræðsludagskráin tekur einnig til Safns Ásgríms Jónssonar að Bergstaðastræti 74. Þar hafa verið settar upp sérsýningar fyrir börn og unglinga, m.a. á þjóðsagnamyndum Ásgríms Jónssonar. Á síðasta ári var sett upp sýning á myndskreytingum Lenu Anderson, *Lilja í garði málarsans*. Listsmiðja á laugardögum og í tengslum við heimsóknir skólabarna var hluti af dagskránni. Á umliðnum árum hefur Safn Ásgríms Jónssonar, samkvæmt upplýsingum frá Listasafni Íslands, verið rekið sem vísir að Barnamenningarhúsi en þjónusta fræðsludeildar safnsins hefur verið í boði alla virka daga frá kl. 8.00 - 16.00 námsmönnum að kostnaðarlausu og hægt hefur verið að fá þjónustu utan þess tíma gegn gjaldi. Komið er til móts við einstaklinga með sérþarfir með ýmsum hætti svo sem táknaálistun fyrir heyrnarskerta og snertileiðsögn fyrir sjónskerta. Með samstarfi við Námsgagnastofnun um gerð fræðsluvefjarins: Krakkavefurinn og Listavefjarins um myndlist hefur hluti safneignarinnar verið gerður aðgengilegur börnum og unglingum.

Listasafn Reykjavíkur í Hafnarhúsi, á Kjarvalsstöðum og Ásmundarsafni

Fræðsludeild hefur verið starfrækt innan Listasafns Reykjavíkur frá árinu 1991. Þjónusta safnsins við börn er hluti af starfi deildarinnar og skiptist í meginatriðum í tvennt:

- Þjónusta við sérhópa t.d. skólahópa, Vinnuskólann í Reykjavík, foreldrafélög og fleira.
- Þjónusta við börn sem almenna safngesti, t.d. með því að bjóða leiðsögn í formi ratleikja þar sem börn og fullorðnir vinna saman, auk þess að bjóða upp á listsmiðjur í tengslum við ákveðnar sýningar.

Skólanemendur á öllum aldri sækja safnið heim og fá leiðsögn um sýningar. Sérstaklega er unnið með ákveðnum aldurshópum og hafa verið gefin út verkefni fyrir 4. bekk um Ásmund Sveinsson, fyrir 6. bekk um Kjarval og fyrir unglingastigið um Erró. Á sumrin koma nemendur Vinnuskóla Reykjavíkur í safnið og dvelja þar einn vinnudag. Þeir fá fræðslu um myndlist en auk þess er leikræn tjáning hluti af því sem þeir gera á safninu. Vaxandi þáttur í starfinu er þjónusta við hópa barna og foreldra eins og til dæmis foreldrafélög grunnskóla. Þessir hópar taka þátt í verkefni sem nefnist „Er listin þraut?“ og byggist á því að börn og foreldrar skoða sýningar með leiðsögn en taka um leið þátt í ratleik eða leysa þrautir.

Innan safnsins er vaxandi framboð á listsmiðjum sem standa hluta úr degi og settar eru upp í beinum tengslum við ákveðnar sýningar. Einnig eru á sérstökum dögum auglýstir ratleikir.

Fjöldi barna sem sækja safnið eykst ár frá ári. Skólanemar sem koma með kennurum sínum og fá leiðsögn eru 10 - 12 þúsund á ári. Gestatalning sýnir að fjöldi barna sem koma sem almennir safngestir er 3 til 4 þúsund á ári. Það sem af er árinu 2004 hafa tæplega 500 tekið þátt í listsmiðjum og þrautaleikjum fyrir fjölskyldur.

Markmið safnsins er að börn njóti þess að koma í söfnin og að heimsóknin nýtist þeim til að þroska með sér hæfileika til að skoða og tala um myndlist. Þekking og skilningur sem verða til við að skoða listaverk geta nýst börnum á margan hátt, bæði í námi og daglegu lífi. Í leiðsögnum eru börn hvött til að ræða verkin á söfnunum og með eigin athugun og leiðsögn safnkennara, finna bæði ánægju og merkingu í því sem fyrir augu ber.

Söfn og börn

Árbæjarsafn

Starfsemi Árbæjarsafns fyrir börn er tvíþætt. Annars vegar er tekið á móti skólahópum af öllum skólastigum og þeim veitt fræðsla. Boðið er upp á nokkur mismunandi verkefni fyrir hvert skólastig en einnig sérútbúin verkefni í samvinnu við kennara.

Hins vegar er Árbæjarsafn með barnastarf sem beinist að börnum sem koma inn á safnið með foreldrum eða forráðamönnum á sumrin. Safnið er með leikföng á safnsvæðinu, til dæmis kassabíla, dúkkuvagna, stultur, sippubönd ofl. í þeim dúr, en einnig gullastokk sem inniheldur leggi og skeljar og börn geta farið í búleik. Síðan er boðið upp á sérstaka barnadagskrá tvo til þrjá sunnudaga á hverju sumri. Þá er farið í leiki og börnin fá að taka þátt í ýmiss konar keppni og þrautum. Einnig er safnið með barnadagskrá á laugardögum kl. 14-15. Þá er farið í leiki og börnunum kynnt innihald gullastokksins. Þau fá síðan að leika sér með leggi og skeljar og kynnst leyndardómum spávölnnar.

Sem stendur er ekki sérstök leikfanga- eða barnasýning í safninu en nýlega sigldi nýtt safnhús upp Ártúnsbrekkuna. Það er ÍR-húsið svokallaða sem áður stóð á Landakotshæðinni. Þar verður sett

upp sýning um börn og barnamenningu, leikföng og leiki, einnig efnt til formlegrar fræðslu á leikskólum og í skólum og tómstundir, m. a. íþróttir í Reykjavík. Fyrir framan ÍR-húsið er fín flöt og þar verður komið upp leiktækjum og athafnasvæði fyrir börn. Þetta verður þó ekki tilbúið að fullu fyrr en vorið 2005.

Þjóðminjasafn Íslands

Á Þjóðminjasafninu er að finna hluti frá 10. öld og fram til vorra daga. Við opnun nýrra grunnsýninga Þjóðminjasafnsins verður boðið upp á öfluga safnfræðslu, bæði fyrir nemendur og almenning. Fyrir fullorðna gesti verða leiðsagnir um mismunandi efni og fyrirlestrar tengdir safnkostinum. Á laugardögum verður almenn leiðsögn um safnið og einnig verður þá þráðaleiðsögn - um afmörkuð „stór“ mál svo sem atvinnuhætti og búsetu, listir og handverk, o.s.frv. Sunnudaga verður síðan boðið upp á fjölskylduleiðsögn um barnamenningu af ýmsu tagi, umhirðu, aðbúnað, leiki, mat og fleira sem höfðar til barna og foreldra þeirra. Þá verður líka sérfræðileiðsögn um afmörkuð efni með sérfræðingum safnsins.

Þjóðminjasafnið mun einnig bjóða upp á skólaheimsóknir. Meðal markmiða þeirra verður að efla tilfinningu fyrir því hvernig íslensk þjóð hefur orðið til/mótast, sýna fram á mikilvægi fortíðarinnar í nútímanum, auka viðsýni og ýta undir sjálfstæða hugsun. Skólaheimsóknir verða stærsti hluti safnfræðslunnar. Verkefni eru unnin í samvinnu við kennara á viðeigandi skólastigi. Námskráin er höfð til hliðsjónar við gerð fræðsluefnis. Gert er ráð fyrir að efni verði sett fram á Netinu til undirbúnings heimsókna fyrir kennara og nemendur svo og verkefni til að fylgja heimsóknunum eftir. Í safninu er sérstök kennslustofa og þaðan er innangengt í annað rými sem ætlað er til fyrirlestrahalds og myndasýninga.

Kassar með efni tengdu ákveðnum þáttum sögunnar hafa verið lánaðir í skóla og mun svo verða áfram. Til eru kassar um tóvinnu, matarhætti, fornöld, leiki og landnám. Þessir kassar eru í endurskoðun og þeim verður fjölgað. Tvö herbergi á sýningar svæðinu eru merkt „skemmtimenntun“ og þar geta börn og fullorðnir fengið að máta búninga og reynt sig við ýmiss konar þrautir og leiki.

Norrænt menningarhús

Norræna húsið

Síðustu þrjú árin hafa stærstu verkefni Norræna hússins á sviði barnamenningar verið barna- og unglingabókahátíð, norræn tónleikaröð og listaverkstæði.

„Köttur úti í mýri“, nefndist norræn barna- og unglingabókahátíð sem haldin var 2001. Þema hátíðarinnar var „Ferðin“, sem getur tekið á sig ýmsar myndir. Markhópur hátíðarinnar var breiður og henni var ætlað að höfða til barna, fullorðinna, fræðimanna og rithöfunda.

„Töfratónar“ sem var norræn tónleikaröð fyrir börn var haldin 2002. Þar var kynnt fjölbreytt norræn tónlist af ýmsu tagi. Markhópurinn var börn á aldrinum þriggja til tíu ára. Í Norræna húsinu var líka opnað listaverkstæði með dansk-bangladesiska listamanninum Kajol, árið 2002. Markhópur listaverkstæðisins var börn frá 6-15 ára.

Fyrir utan þessi stóru verkefni hefur Norræna húsið boðið börnum ókeypis á norrænar bíómyndir. Þá hefur Kristín Jóhannesdóttir kennsluráðgjafi einnig verið með fjölbreytta dagskrá fyrir skólabörn sem snýr að tungumálum, menningu og samstarfi norrænu þjóðanna.

Blandað barnamenningarstarf

Kramhúsið

Kramhúsið fagnaði 20 ára starfsafmæli sínu á síðasta ári. Strax í byrjun var boðið upp á námskeið fyrir börn og unglinga þar sem áhersla var lögð á skapandi dans og leiklist. Síðar var boðið upp á tónlist og hreyfingu. Kramhúsið hefur lagt metnað sinn í að fá til liðs við sig úrvals kennara sem ýmist eru menntaðir í tónlist, leiklist eða dansi.

Óhætt er að segja að Kramhúsið sé frumkvöðull í barnastarfi sem þessu. Fyrir um 20 árum var lítið framboð fyrir börn og unglinga í formi tónlistar, leiklistar og tjáningar þar sem þessum listformum er blandað saman með það að markmiði að hvetja til skapandi hugsunar og að einstaklingurinn fái að njóta sín.

Í Kramhúsinu eru námskeið í tónlist og hreyfingu fyrir 3 - 5 ára krakka. Boðið er upp á leiklistar- og spunanámskeið fyrir 5-7 ára og 7-9 ára börn. Þar er áhersla lögð á leikræna tjáningu, spuna, leik-

gleði, einbeitingu og hreyfingu. Unnið er út frá ævintýrum, þekktum jafnt sem heimatilbúnum, með áherslu á hið leikræna. Á námskeiðum fyrir 10 - 13 ára börn er lögð áhersla á að virkja leikgleði og sköpunarkraft hvers og eins. Markmið námskeiðsins er að þroska persónuleika, samstarfshæfileika og öryggi. Þessi námskeið hafa frá byrjun notið mikilla vinsælda. Kramhúsið hefur haft þann háttinn á að ljúka námskeiðunum á leiksýningu þar sem börnin fá að bjóða foreldrum og öðrum aðstandendum.

Samningur Listahátíðar í Reykjavík og Fræðsluráðs Reykjavíkur

Dæmi um skemmtilega nýsköpun til að efla barnamenningu er nýlegur samningur Listahátíðar í Reykjavík við Fræðsluráð Reykjavíkur.²³ Markmið hans er að veita nemendum í grunnskólum borgarinnar tækifæri til að taka þátt í viðburðum á Listahátíð í Reykjavík, kynnast starfi starfandi listamanna og koma til móts við markmið í aðalnámskrá um skapandi skólastarf og þátttöku í menningu samfélagsins. Þátttaka nemenda í viðburðum getur verið með beinum eða óbeinum hætti, allt eftir eðli samstarfsins.

Barnamenning í ljósvakamiðlum

Ríkisútvarpið - Rás eitt

Vitinn er útvarpsþáttur fyrir börn sem er á dagskrá alla virka daga klukkan 19.00 á Rás 1. Hann hóf göngu sína haustið 1999. Með Vitanum var gerð tilraun til að ná til ungra Íslendinga með útvarpsendingum og nýjustu margmiðlunartækni sem tókst afar vel. Strax í byrjun hlustuðu börnin mikið á þáttinn á Netinu, en á vefsíðu Vitans www.ruv.is/vitinn er auk þess hægt að nálgast ýmiss konar fróðleik og skemmtun. Þar er t.d. hægt að lesa bréf frá börnum, brandara, þjóðsögur og skrifa í gestabók. Vitinn er í góðu sambandi við íslensk börn, víðs vegar um landið og erlendis. Vitaverðir spjalla við þau um það sem þau eru að gera og hafa áhuga á. Börnin leggja einnig sjálf til mikið af efni þáttarins, smásögur, ljóð og frásagnir. Í lok hvers þáttar er lesin framhaldssaga. Á föstudögum er þátturinn með breyttu sniði, því þá eru lesnar kveðjur frá hlustendum og spiluð óskalög í „Lögum unga fólksins“. Stöku sinnum eru send út barnaleikrit í Vitanum, *Blái hnötturinn*, var sendur út í fyrra. Auk þess er reynt að hljóðsetja annað slagíð sögur og búa til stutta heimildarþætti fyrir börn. Dæmi um það er þáttur um Vestmannaeyjagosið og þáttur sem var á dagskrá fyrir nokkru um samband systra við lítinn hálfbróður þeirra. Vitinn hefur enn fremur átt samstarf við fjölmarga, svo sem Umboðsmann barna, Vísindavefinn, Alþjóðahúsið og tungumáladeildir Háskóla Íslands. Á hverju ári er haldin stór keppni um ljóð og sögur barna á vegum Æskunnar og RÚV. Verðlaunin eru afhent á Bessastöðum við hátíðlega athöfn.

Á undanförmum árum hafa verið opnaðir tveir vefir á ruv.is. Á hvalavefnum er að finna mikinn fróðleik um hin risavöxnu spendýr sjávarins, hvalina. Einnig er hægt að hlusta á hljóðin sem þeir gefa frá sér og skemmta sér við leiki sem tengjast hvöllum. Gæludýravefurinn var opnaður í október 2003. Hann hefur að geyma skemmtilegar frásagnir, sögur og ljóð barna af gæludýrunum þeirra. Auk þess er hægt að skoða dýramyndir, horfa á skonin myndbönd, lesa fróðleiksmola um dýr og síðast en ekki síst er hægt að spyrja dýralækni um hvaðeina varðandi gæludýr.

Ríkisútvarpið - Sjónvarpið

Barnaefni er á dagskrá Sjónvarpsins alla daga milli kl. 18:00 og 19:00, að laugardögum undanskildum. „Stundin okkar“ er 25 mínútna þáttur á dagskrá á sunnudögum kl. 18:00 á vetrardagskrá. Hann er endursýndur á fimmtudögum kl. 18:00 og á eftir „Morgunstundinni okkar“ á laugardögum. „Stundin okkar“ er elsti þáttur Sjónvarpsins. Hann hefur verið á vetrardagskrá frá upphafi frá 1966. Yfir sumartímann fer „Stundin okkar“ í sumarfrí.

„Morgunstundin okkar“ er á dagskrá frá kl. 09:00- 10:30 laugardaga og sunnudaga. Þar spjalla kynnar við áhorfendurna á milli dagkráratríða, fönndra og fræða börnin um hitt og þetta, lesa úr bókum og síðast en ekki síst sýna þeir myndir sem börn hafa sent þeim og lesa sögur, gátur og visur sem börn eru mjög dugleg að senda þeim á Netinu og í bréfum. Einnig má geta þess að „Stundin“ er send út á netsíðu Ríkisútvarpsins (www.ruv.is). Íslensk börn erlendis eiga þannig kost á að horfa á „Stundina okkar“ og virðist það vera mjög vinsælt ef dæma má af bréfum og öðru efni sem berst.

„Krakkar á ferð og flugi“ nefnast innlendir þættir fyrir börn sem voru á dagskrá á sunnudögum kl. 18:30 í byrjun þessa árs og eru þeir tíu talsins. Í þáttunum heimsækja tveir umsjónarmenn börn um allt land og spjalla við þau og fylgjast með daglegu lífi þeirra. Þættirnir hafa notið mikilla vinsælda og var ákveðið að endursýna þá í maí.

„Jóladagatalið“ er fastur liður á aðventunni frá árinu 1988. Þættirnir eru 24 um 7 mínútna langir. Jóladagatöl eru seld í verslunum um land allt og er það góð tenging við börnin í landinu. Þau opna glugga á eigin jóladagatali og það gerir líka þulur kvöldsins fyrir útsendingu „Jóladagatalsins“.

Sjónvarpið hefur verið þátttakandi í samstarfi Evrópusambands sjónvarpsstöðva (EBU), um efni sem varðar börn og unglínga, frá árinu 1994. Hluti af því er samstarfsverkefni sem nefnist Drama exchange. Þar skiptast sjónvarpsstöðvarnar árlega á 15 mínútna löngum leiknum sjónvarpsmyndum fyrir börn. Íslensku myndirnar hafa vakið athygli og þær hafa einnig unnið til verðlauna á erlendum kvikmyndahátíðum vítt og breitt um heiminn. Sigursælastar hingað til hafa verið myndirnar *Ási* frá árinu 1994 og barnamyndin *Týndir tónar*, sem framleidd var árið 2002. Íslenska EBU myndin hefur undanfarin ár verið frumsýnd á nýársdag kl. 18:00. Sjónvarpið er einnig virkur þátttakandi í norrænu samstarfi og framleiðir bæði barnamyndir inn í norrænu röðina „En god historie for de små“ og er samframleiðandi ýmissa þátta.

Stöð 2

Barnaefni skipar veglegan sess í dagskrá Stöðvar 2 um allar helgar og á frídögum er sent út barnaefni á morgnana. Þar er bæði um að ræða innlent efni og talsettar teiknimyndir, tónlistar- og heimildarefni fyrir börn. Lögð er áhersla að á allt efni fyrir yngstu börnin sé með íslensku tali.

Starfsemi í anda barnamenningarhúsa á Íslandi

Af lýsingunum á barnamenningarstarfi stofnananna og fyrirtækjanna hér að framan má sjá að þó að ekki sé mikil og breið umræða um barnamenningu hérlendis er henni sinnt á margvíslegan hátt og af krafti víða um land. Sumt af því sem að framan er lýst er mjög hliðstætt því sem gert er í erlendum barnamenningarstofnunum og listasmiðjum. Allt þetta starf er unnið inni í listastofnunum og listaskólum en það á við um mörg erlend barnamenningarhús líka.

Sé barnamenningarstarfið sem lýst er hér að ofan flokkað eftir viðfangsefnum kemur einnig í ljós að hér er að finna allar tegundir barnamenningar. Menningu sem sköpuð er af börnum, fyrir börn og með börnum sem er ekki minnstur hluti starfseminnar.

Til viðbótar er þáttur sem ekki fer mikið fyrir en lýsa má sem varðveislu svo sem í Árbæjarsafni og Þjóðminjasafni. Ef við horfum til bókmennta og þá sérstaklega á varðveislubáttinn sker það nokkuð í augun að íslenskar barnabækur er hvergi að finna á einum stað þrátt fyrir öflugt og lifandi starf bókasafnanna.

Eins og nefnt hefur verið hér að framan er opinber umræða um barnamenningu lítil sem enginn. Það rímar við að lítið fer fyrir rannsóknum á barnamenningu hérlendis, sem var ekki síst verulega áberandi og tilfinnanlegt við gerð þessarar skýrslu. Þó má nefna að Gerðuberg hefur uppi áform um að gera bók um listasmiðjuna Gagn og gaman og er ætlunin að það verði rannsóknarverkefni. Þá má nefna starfsemi Ibbý á Íslandi sem vert er að lýsa nokkuð nánar.

IBBY á Íslandi

IBBY í Íslandi er landsfélag í alþjóðlegum samtökum rúmlega 60 þjóða sem stofnuð voru 1953. Markmið samtakanna er að starfa í anda stofnandans, Jellu Lepman, sem áleit að góðar barnabækur gætu byggt brýr milli þjóða heims og miðlað fróðleik og skilningi milli ólíkra menningarsamfélaga.

IBBY á Íslandi var stofnað 1985 og telur nú um 250 féлага, bæði einstaklinga og stofnanir. Í upphafi lagði félagið eingöngu áherslu á að efla umræðu um barnabókmenntir hér á landi en með nýjum miðlum og fjölbreyttara menningarefni fyrir börn hefur það einnig beint sjónum að öðrum þáttum menningarinnar. Þetta endurspeglast í nafni tímaritsins sem IBBY á Íslandi gefur út en það heitir „Börn og menning“. Blaðið kemur út tvisvar á ári og er þungamiðjan í starfsemi félagsins. Hiklaust má halda fram að „Börn og menning“ sé eini vettvangurinn hér á landi þar sem reglulega - og eingöngu - er fjallað um barnamenningu. Lögð hefur verið áhersla á að fá fræðimenn og fagfólk til að fjalla um bókmenntir, leikhús, kvikmyndir og annað eftir því sem tilefni bjóða.

Auk þess að gefa út „Börn og menningu“ hefur IBBY á Íslandi haldið bókakaffi ásamt félagi barnabókahöfunda innan Rithöfundasambandsins tvisvar á ári þar sem rætt er um málefni sem tengjast barnabókum. Eins og fram hefur komið tekur IBBY einnig þátt í hinni árlegu ráðstefnu í Gerðubergi þar sem fjallað er um barnamenningu frá ýmsum hliðum. IBBY á Íslandi hefur einnig í samvinnu við Mál og menningu staðið að útgáfu á tveimur smásagnasöfnum, Ormagulli og Auga Óðins.

7. Hvernig barnameningarhús? - Viðhorf viðmælenda

Við höfum nú fengið nasasjón af því hvernig barnameningu er sinnt innan listasafna, listaskóla, bókasafna og fleiri stofnana. Nú verður forvitnast um skoðanir hóps Íslendinga, sem hefur sinnt barnameningu, á því hvernig íslensk barnamening verður best efl.

Aðalsteinn Ásberg, rithöfundur, tónlistarmaður og formaður Rithöfundasambands Íslands hefur velt því fyrir sér hvort ekki sé tímabært að eitthvað verði til sem heiti barnameningastofnun. Það þarf að stuðla að öflugri barnameningu að hans mati. Sumar greinar eiga hvergi höfði að halla og þar eru barnabókmenntir ekki verst settar þótt þær eigi stundum undir högg að sækja. Til dæmis er þörf á að styrkja útgáfu á myndskreyttum barnabókum og þótt sú grein hafi reyndar sótt í sig veðrið á allra síðustu árum stöndum við nágrannaþjóðum okkar langt að baki í þeim efnum. Barnameningarstofnunin mætti huga að því hvernig er hugsað um barnameningu í heild og þá sérstaklega um greinar sem eiga enga bakhjarla, tónlist og myndlist til dæmis. Þar er því miður ekki rismikið landslag að mati Aðalsteins. Oft og tíðum virðist líka að minni kröfur séu gerðar til listar sem eigi að höfða til barna en þegar fullorðnir eigi í hlut og að ekki sé lagt eins mikið upp úr umræðu, gagnrýni og stuðningi. Stærsti fengurinn væri að stofnun sem stæði á bak við alla barnameningu að mati Aðalsteins. Hann segir að hugmyndin hér komi frá bókaþólki en telur ekki æskilegt að Barnameningarstofnun eða -hús verði undirdeild bókasafns eða annarrar stofnunar heldur sjálfstæð stofnun sem þurfi ekki endilega að vera stór og fjárfrek. Ef hægt væri að setja allar upplýsingar um barnameningu undir einn hatt væri mikið unnið. Þá væri að hans mati gaman ef þetta gæti orðið stofnun sem hefði bolmagn til að standa fyrir viðburðum og rannsóknum tengdum íslenskri barnameningu.

Elisabet B. Ólafsdóttir, forstöðumaður Gerðubergs, Sigríður Ólafsdóttir, myndlistarmaður og leiðbeinandi, Álfur G. Guðrúnardóttir, deildarstjóri listadeildar, Hólmfríður Ólafsdóttir, aðstoðarforstöðumaður og Harpa Arnardóttir, leikari og leiðbeinandi í Gerðubergi segja að þær telji það vanmetið hvað börn eru að fást við í menningarstarfi sínu. Þær segja að umfangsmikið barnameningarstarf sé í Gerðubergi. Þegar þær eru spurðar hvort réttast sé að barnameningarhús sé hluti af starfsemi listamiðstöðvar fyrir fullorðna, eins og til dæmis Gerðubergs, svara þær því að heppilegra sé að styðja Myndlistaskólann í Reykjavík, Kramhúsið eða Gerðuberg en búa til nýja stofnun. Þeim finnst það eðlileg leið, ef efla á barnameningu hérlendis og jafnvel stofna barnameningarhús, að fé sé veitt inn í starfsemi sem fyrir er. Harpa bendir á að barnastarfið innan Gerðubergs sé að vissu leyti barnameningarhús. Til viðbótar þessu nefna þær að hugsanlegt sé að Gerðuberg fái brátt meira húsnaði sem gefi aukna möguleika. Þeim finnst mikilvægt, ef stofnað yrði barnameningarhús, að starfsemi væri tryggður öruggur rekstrargrundvöllur svo hægt væri að stunda reglulega starfsemi innan þess. Þeim finnst einnig að barnameningarhús, sem starfar eftir köngulóarmódelinu, sem er ekki stórt hús heldur fremur ein eða tvær skrifstofur sem vinna að samhæfingu, meira spennandi en barnameningarhús sem er sjálft listasmiðja og listamiðstöð.

Guðlaug Richter, rithöfundur og ritstjóri tímaritsins *Börn og menning* segir að þótt víða sé unnið mikið og gott starf á sviði barnameningar hér á landi þá sé enn langt í frá að ástandið sé viðunandi. Umræða um barnameningu sé nánast engin, engar rannsóknir fari fram á þessu sviði og stuðningur við þá sem starfa í þessum menningargeira sé engan veginn nógu mikill. Allt er þetta þó nauðsynlegt til að barnamening í landinu verði sem öflugust.

Guðlaug sér fyrir sér að Barnameningarstofnun gæti bætt úr þörfinni þar sem hún er brýnust. Þetta þyrfti ekki að vera stór stofnun en í henni ætti að vera hægt að ganga að öllum bókakosti fyrir börn sem komið hefur út á íslensku. Bækurnar þurfa að vera aðgengilegar bæði fyrir börnin sjálf og fullorðna. Menningarhúsið gæti líka varðveitt frumgerðir af öllum myndskreytingum í íslenskum barnabókum og haft reglulega sýningar á þeim. Í þessu húsi þyrfti að vera aðstaða til rannsókna á sviði barnameningar og væri hægt að hugsa sér samstarf við Háskóla Íslands í einhverri mynd hvað það varðar.

Í Barnameningarhúsi þyrfti einnig að vera aðstaða til að vera með viðburði og samkomur sem tengjast barnameningu. Barnameningarhúsið ætti í stuttu máli að vera bakhjarl og stuðningsaðili fyrir þær listgreinar sem þurfa mest á því að halda.

Síðast en ekki sist ætti Barnameningarhús að vera upplýsingamiðstöð um barnameningarstarf í landinu og halda úti öflugri og lifandi heimasíðu um allt sem er að gerast á sviði barnameningar.

Guðrún Hannesdóttir, rithöfundur og myndlistarmaður, bendir á að víða sé tekið til hendi í þágu barnamenningar af miklum þrótti og gott starf unnið hér á landi þótt það virðist dreift og handahófskennt við fyrstu sýn.

Hún leggur áherslu á að menningarpólitísk stefnumótun verði að vera fyrir hendi af hálfu stjórnvalda, eins og raunin sé á hinum Norðurlöndunum, stakt barnamenningarhús leysi engan vanda. Starfsemi þess verði að byggjast á virkri og mótaðri stefnu og taka mið af því starfi og þeim stöðum sem þegar eru fyrir hendi, svo sem á bókasöfnum, listasöfnum, Árbæjarsafni, Þjóðminjasafni, Norræna húsinu, Myndlistaskólanum í Reykjavík og þeim fjölmörgu sem koma að tónlistariðkun með börnum. Guðrún telur að skilgreina þurfi að hve miklu leyti menningarstarf eigi að vera FYRIR börn, að hve miklu leyti MEÐ börnum og hvort og í hve miklum mæli eigi að stunda rannsóknir á barnamenningu. Kannski allt í senn? Barnamenningarhús væri kjörinn vettvangur fyrir umræður á þessum nótum.

Guðrúnu finnst mikilvægt að frá upphafi sé starfsemi barnamenningarhúss „hreyfanleg“, þ.e. starfsemi þess fari með markvissum hætti víðar um landið og sé í lifandi sambandi við landsbyggðina en einskorðist ekki við höfuðborgina.

Hallveig Thorlacius, Helga Arnalds og Svanbjörg H. Einarsdóttir, sem undirbúa stofnun barnamenningarhúss, fóru á ráðstefnu norrænna barnamenningarstofnana í Danmörku sem haldin var í tengslum við útgáfu bæklingisins Børnekulturhuse i Norden fyrir um það bil ári. Þær benda á að það sé mismunandi hvort barnamenningarhús séu bygging eða skrifstofa og hafa mestan áhuga á góðu húsi.

Þær sóttu námskeiðið „Auður í krafti kvenna“ og hafa gert viðskiptaaáætlun með ákveðnum forsendum. Þær telja að það væri nokkuð auðvelt að fá peninga í stofnkostnað. Rekstur frá ári til árs þyrfti hins vegar að vera studdur af opinberum aðilum að þeirra mati. Þær benda á að allir þeir sem þær hittu erlendis hafi verið á því að það væri ekki hægt að reka barnamenningarhús nema með tilstyrk hins opinbera.

Spurningunni um hvað verði í boði í barnamenningarhúsi svara þær: „Við gerum ráð fyrir fastri starfsemi sem væri einskonar kjarni hússins. Til að mynda verður boðið upp á sýningu sem fléttar saman bókmenntir, myndlist, tónlist, leiklist og visindi. Sýning sem myndi höfða til allra skilningarvitanna. Sýningin verður einnig tengd bókasafni fyrir börn þar sem t.d. er hægt að setjast niður og lesa bækur sem tengjast henni. Eins gerum við ráð fyrir kaffihúsi sem er sérstaklega ætlað börnum og barnafólki. Þess utan verður einnig boðið upp á hin margvíslegustu námskeið fyrir almenning og skóla. Á virkum dögum geta skólar og leikskólar skipulagt heimsóknir nemenda í barnamenningarhúsið og eytt þar einum morgni eða eftirmiðdegi. Börnin geta fengið að njóta þess að horfa á leikrit eða hlusta á tónlistarmenn flytja tónlist o.fl. o.fl. og að sjálfsögðu verður þeim boðið að skapa sjálfum með leiðbeinendum. Þá geta foreldrar, afar og ömmur fengið sömu þjónustu og eytt frístundum sínum með börnunum.

Þær segja ennfremur: „Barnamenningarhús á að vera fullt af tónlist, myndlist, leiklist, bókum, dansi...list fyrir börn, eftir börn og um börn. Húsið er aðallega hugsað með þarfir, ímyndunarafl og sköpunargáfu barna í huga en fullorðnir sem þeim fylgja ættu ekki síður að hafa gaman af. Foreldrar vinna mikið og hafa oft ekki mikinn tími með börnum sínum. Að sama skapi eru foreldrar að verða æ meðvitaðari um nauðsyn og ánægju þess að leggja rækt við fjölskylduna. Barnamenningarhús kæmi til móts við þetta og byði foreldrum og börnum að njóta góðra stunda saman í fallegu, skemmtilegu umhverfi þar sem boðið væri upp á fjölbreytta og lifandi dagskrá. Möguleikarnir á því hvað hægt er að skapa og bardúsa í barnamenningarhúsi eru óendanlegir!

Foreldrar, afar, ömmur, frændur, frænkur og börnin þeirra; mála saman, syngja saman, skrifa leikrit, leika leikrit, búa til kvikmyndir, útvarpsþætti, spila saman í hljómsveit, dansa saman, búa til skúlptúra saman, vefa saman... upplifa saman, skemmta sér saman!

Hugmyndafræðin í hnotskurn er; Hágæðamenning fyrir börn - Minnkum kynslóðabilið - Sköpum saman“.

Kristínu Helgu Gunnarsdóttur, rithöfundi, finnst mjög brýnt að hægt sé að ganga að íslenskum barnabókmenntum á einum stað og að barnamenningarstofnun gæti þjónað mikilvægu hlutverki í því að stuðla að sérstakri barnabókmenntadeild og varðveislu bókmenntasögu barna. Hún er frekar á því að barnamenningarhús eigi að vera stofnun og hreyfiafl sem vinnur að því að örva barnamenningarstarf og gera það sýnilegra en að það sé sérstök húsbýgging. Hún telur að það sé alfarið undir þeirri eða þeim persónum sem þar ráðast til starfa hvernig til takist.

Kristín segir að ef eigi að fara að setja barnamenningu í sérstakt hús sé jafnframt verið að skilja barnamenninguna frá annarri menningu, sem henni finnst vera varasöm takmörkun. Hún spyr:

Hvað er barnamenning og hvað er fullorðinsmenning? Er barnamenning eitthvað sem inniheldur ekki ofbeldi og klám? Hún telur að kannski væri rökréttara að flokka menningarefni í mannvænt en ekki bara barnvænt. Henni finnst að barnamenningarhús eða -stofnun eigi að vera hreyfanleg og vera þar sem börnin eru, hlúa að menningu sem börn hafa áhuga á þar sem hún er og þegar hún er, hvetja til verkefna og styðja við þau um borg og bý.

Ragnheiður Gestsdóttir, rithöfundur og myndlistarmaður segir: „Margir virðast gera ráð fyrir að börn og unglingar kjósi alltaf það einfaldasta og átakaminnsta, mesta léttmetið. Það er í raun auðvelt að afsanna þetta. Gífurlegur fjöldi stundar til dæmis nám í sígildri tónlist. Það neyðir þau enginn til þess. Allir sem hafa séð barnakór æfa, eða þá flokk sem undirbýr danssýningu, vita að þar ríkir sjálfsagi og vinnugleði sem gefur ómetanlegt veganesti inn í framtíðina. En til þess að börnin fái notið menningar þurfa þau auðvitað að hafa val. Það val er því miður ekki sjálfgefið. Segjum sem svo að barn hafi lesið kafla úr sígildri íslenskri barnabók í lesbók í skólanum og langi til að lesa bókina alla. Það þýðir lítið að fara í bókabúð, þar eru aðeins bækur frá síðustu jólavertíð. Ef barnið býr í dreifbýli er alls ekki víst að bókabúð sé á staðnum. Bókin er til í Landsbókasafni, en þangað kemst barnið ekki inn. Önnur bókasöfn gætu átt bókina, en það er ekki gefið að hún sé í því ástandi að hægt sé að lána hana út, því barnabækur í söfnum eru yfirleitt lesnar upp til agna. Bókaförög hafa lítið sem ekkert sinnt því að endurútgefa okkar sígildu barnabækur, þau hafa ekki trú á að þær myndu seljast.

Barnið fæðist fordómalaust, en ef það fær ekki að kynnast listum á unga aldri tekur það upp einhliða viðmið dægurmennningar og fordóma sem oftast en ekki stafa af fáfræði. Listdans er til dæmis mjög lítið sýnilegur í fjölmiðlum og því listformi er ekkert sinnt í skólum. Börn sem stunda nám í listdansi mæta miklum fordómum, sérstaklega drengimír. Þarna myndu danssýningar ætlaðar börnum og kynningar í skólum geta skilað miklum árangri.

Hvað varðar hugmyndir um barnamenningarstofnun, þá sé ég fyrst og fremst fyrir mér miðlandi stofnun, sem einnig myndi hafa varðveisluskýldur. Við geymum nú þegar eintök af prentuðu efni og hljómdiskum, en aðgengi að efninu er takmarkað. Mér finnst sárt að hugsa til þess að ekkert safn hefur sýnt því áhuga að eignast frummyndir bókaskreytinga. Þetta er sú myndlist sem er aðallega ætluð börnum, myndabækur er fyrsta myndlistin sem að þeim er beint og sem þau eignast hlutdeild í. Mikill fjöldi eldri myndskreytinga hefur þegar glatast og ef ekkert er að gert munum við týna miklum menningarverðmætum. Barnamenningarstofnun gæti átt frumkvæði í þessu máli, til dæmis í samvinnu við eitthvert listasafnanna. Starf barnamenningarstofnunar ætti fyrst og síðast að einkennast af virðingu gagnvart börnunum og trú á getu þeirra bæði til að skapa og njóta menningar.“

Ragnheiður H. Þórarinsdóttir, þjóðfræðingur og sérfræðingur hjá menntamálaráðuneytinu, nefnir Barnas hús í Björgvin sem dæmi um gott barnamenningarhús. Þar sé verið að vinna athyglisvert og merkilegt starf. Hún segir að barnamenningarumræða hafi verið framarlega í norrænu samstarfi frá 1991. Þá ákváðu forsætisráðherrar Norðurlandanna að setja barnamenningu í forgang. Hún segir að mikill munur sé á barnamenningu og hvernig henni er sinnt á Norðurlöndunum og utan Norðurlandanna hvað varðar þátt barnanna í sköpunarferlinu. Það sé mest einkennandi hve fólk sem sinnir barnamenningu á Norðurlöndunum hafi verið dugleg að setja sig í spor barnanna. Þátttaka barnanna í menningunni hefur verið á jafnréttisgrundvelli. Ragnheiður segir framlag stjórnvalda á Íslandi til barnamenningar hafa vaxið örlítið. Hún segir að þróunin í Danmörku hafi verið þannig að þar hafi verið skipt um módel 3-4 sinnum á jafnmörgum árum. Hún segir að þar sé nú tilhneiging til að taka barnamenningu inn sem eðlilegan hluta af starfsemi listastofnana. Hluti af þeirra efnisskrá á að vera fyrir börn. Hún bendir á að víða í norrænu samstarfi sé lögð sérstök áhersla á gerð barnaefnis. Þannig veiti Norræni menningarsjóðurinn 20% af framlögum sínum til verkefna tengdum börnum og barnamenningu. Ragnheiður nefnir mjög sterk rök sem mæla með því að barnamenningu sé sinnt vel. Þau hljóða svona: Börn eru 20% af þjóðinni - 100% af framtíðinni.

Dr. Sigrún Klara Hannesdóttir, landsbókavörður, segir hugmyndina um barnamenningarstofnun hafa breyst talsvert mikið frá því að hún var með í að fleyta henni af stað upphaflega. Hún var fyrst og fremst með barnabókastofnun í huga enda hefur henni fundist slíka stofnun vanta hérlendis. Hugmynd hennar var að fenginn yrði aðili til þess að rannsaka og kynna íslenskar barnabækur, innanlands og erlendis og einnig að kenna um barnabækur. Þessi aðili hefði til dæmis getað haft skrifstofu í húsakynnum Þjóðarbókhöðunnar. Þar eru allar íslenskar bækur, gamlar og nýjar, og allt íslenskt efni sem gefið hefur verið út fyrir börn, svo sem myndefni og tónlist er geymt þar. Stofnukostnaður fyrir Barnabókastofnun hefði því orðið mjög lítill. Sigrún segir að mikið samband sé á milli barnabókastofnana á Norðurlöndunum. Okkur vanti oft íslenskan tengil. Hún undirstrikar að Barnabókastofnun og barnamenningarhús séu tveir ólíkir hlutir.

Sigbrúður Gunnarsdóttir, ritstjóri, bendir á að á almenningsbókasöfnum sé oft mikið og gott barnastarf. Ekki er þörf á nýju húsi eða stofnun að hennar mati. Hún bætir við: „Ég velti vöngum um hvort leggja eigi áherslu á miðstöð eða styrki. Það er spurning hvort peningunum er ekki best varið í styrki til verkefna, t.d. með því að efla Barnamenningarsjóð til muna.“

Silja Aðalsteinsdóttir, ritstjóri segir að barnamenningarhús verða að sinna hvoru tveggja, vera súper félagsmiðstöð fyrir börn og styrkja barnamenningu á öllum sviðum. Henni finnst aldurshópurinn, sem höfðað sé til í húsinu, eigi að vera undir fermingu. Það verði heilmikil skil um 13-14 ára aldur. Að hennar mati þyrfti að vera hægt að stunda rannsóknir innan barnamenningarhússins eða -stofnunarinnar, til dæmis hálf stöðugildi frá hugvísindastofnun og hálf frá barnabókastofnun. Henni finnst göfugt markmið að koma öllum bókum á einn stað í Þjóðarbókhöðunni.

Silja heimsótti í fyrravor hina þekktu Barnabókastofnun í Stokkhólmi. Það kom henni á óvart hvað allar sænskar barnabækur tóku lítið pláss. Þær voru á einni hæð þar sem fyrst var komið inn í stórt herbergi með handbókum og afgreiðslu en inn af því voru bókageymslur og lítil herbergi fyrir starfsmenn og aðra sem rannsaka barnabækur. Þarna var afskaplega hlýlegt og gott andrúmsloft og þangað var gaman að koma að hennar sögn.

Sólveig Ebba Ólafsdóttir, kennari og formaður Ibby, telur barnamenningu að mörgu leyti mjög vel sinnt hér. Hér ríki til dæmis mikill metnaður í sambandi við leikhús hjá sjálfstæðu leikhópnum en hann mætti að hennar mati vera meiri hjá þeim stóru - ekki bara alltaf þessi sömu verk: Dýrin, Kardemommubærinn og Lína. Í hennar huga er barnamenningarhús staður þar sem aðgengi að íslenskum barnabókmenntum er gott og hægt er að rannsaka þær en einnig að njóta þess að skoða þær og lesa. Notalegur staður þar sem hægt er að leita upplýsinga á þessu sviði. Hann eigi ekki að keppa við neitt af því sem fyrir er. Hann eigi helst að vera staðurinn þar sem allar barnabækur sem gefnar eru út á íslensku eru tiltækar og í boði er vinnu- og ráðstefnuaðstaða. Foreldrar, sem t.d. vilja hafa uppi á sínum uppáhaldsbarnabókum til að sýna afkomendunum, gætu gengið að þeim á einum stað. Lifandi hús þar sem foreldrar geta komið í frístundum sínum með börnin sín og gengið að því vísu að þar er sitthvað í boði fyrir börn. Einnig telur hún að þar eigi að vera hægt að ganga að upplýsingum um barnamenningu á Íslandi, hvað er í boði á hverjum tíma og hverjr eru að sinna barnamenningunni. Hún segir slíkan stað vanti. Nauðsynlegt er einnig að hrinda af stað herferð til að efla lesskilning yngstu kynslóðarinnar (innan við tvítugt) sem alls ekki er í nógu góðu lagi, reyna að vekja þá eldri og yfirvöld til umhugsunar um þessa staðreynd og nauðsyn þess að huga að þessum málum, helst sameinast og lyfta Grettistaki í þessum efnum.

Þórhildur Línadal, umboðsmaður barna. Varðandi stöðu barnamenningar og barnamenningarhúsa almennt bendir Þórhildur á að á ýmsum stöðum á landinu sé að finna skemmtileg kaffi- og menningarhús fyrir ungt fólk, svo sem í Reykjavík, á Akureyri, í Hafnarfirði, á Ísafirði, Sauðárkróki, Akranesi og Egilsstöðum. Rauði krossinn á hér stóran hlut að máli. Þessi hús eru þó fyrst og fremst ætluð aldurshópnum 16-25 ára. Í félagsmiðstöðvum á vegum sveitarfélaga fer fram fjölbreytt félags- og tómstundastarf sem aðallega er þó ætlað eldri grunnskólanemum yfir vetrartímann. Eins og kunnugt er þá eru félagsmiðstöðvarnar að jafnaði inni í skólahverfum en margir umbjóðenda hennar hafa einmitt kallað eftir „húsi“ þar sem fólk á grunnskólaaldri getur hist og kynnst krökkum, m.a. úr öðrum hverfum, spjallað saman, fengið tækifæri til að sinna hugðarefnum sínum og njóta þess sem annað ungt fólk hefur upp á að bjóða, m.a. í máli og myndum. Börnin hafa lagt áherslu á mikilvægi þess að þau fái að koma að skipulagningu starfsemi svona húss með fullorðnum til að tryggja að þeirra eigin menning verði í forgrunni og á þeirra forsendum.

8. Á að stofna barnameningarhús hérlendis?

Eins og sjá má hér að framan eru ýmis sjónarmið uppi um hvernig íslenskt barnameningarhús á að vera. Þær Helga, Hallveig og Svanbjörg hafa eindreginn áhuga á að stofna barnameningarhús, sem yrði eins konar listamiðstöð fyrir börn, þar sem þau nýtu menningar og fengju að skapa. Þær vísa í því sambandi til hliðstæðra stofnana erlendis. Eins og fram hefur komið hafa þær sótt námskeið til þess að gera sem besta rekstraráætlun og vinna nú þeirri hugmynd sinni stuðning. Þær segja að góður möguleiki sé á að fá kostunaraðila að barnameningarhúsi og einnig að það ætti að vera gerlegt að fá talsvert fé í upphafi til þess að opna slíkt hús. Það er þó þeirra mat að ekki sé unnt að starfrækja íslenskt barnameningarhús til frambúðar án reglulegrar þátttöku og stuðnings opinberra aðila.

Samtök um barnameningarstofnun lögðu upp með hugmynd um barnameningarstofnun sem svipar til barnabókastofnana annars staðar á Norðurlöndunum. Sú hugmynd víkkaði síðan nokkuð og flestir þeir sem skýrsluhöfundur hefur talað við úr þeim samtökum eru á því að mikilvægt sé að barnameningarstofnun sinni fleiri þáttum barnameningar.

Margir þeirra sem talað var við nefna sérstaklega að ekki sé brýnast að opna eitt hús til viðbótar. Íslensk barnamening verði ekki síður styrkt með því að eyða því fé sem fæst í að búa til net þeirra sem vinna að barnameningu, eitthvað í líkingu við köngulóarmódelið sem nefnt er hér að framan.

Einhver sterkasta röksemd fyrir því að stofna slíka „köngulóarstofnun“ hérlendis er sú að það styrkir íslenskt barnameningarstarf, sem svipar til starfsemi barnameningarhúsa, sem þegar er verið að vinna hérlendis og er orðið allmikið eins og sjá má af yfirliti framar í þessari skýrslu.

Önnur sterk röksemdin fyrir því að koma eigi á fót slíkri barnameningarstofnun hérlendis er að hún getur lyft þessum þætti menningarinnar upp til jafns við aðra þætti íslenskrar samtímameningar og undirstrikað gildi barnameningarstarfsins og mikilvægi þessa menningarþáttar.

Þriðja röksemd fyrir þeirri leið er að með því móti er hægt að styðja barnameningu í öllu okkar strjálbýla landi og jafna aðstöðu íslenskra barna til menningarneyslu og -sköpunar.

Einkennandi er, þegar litið er yfir íslenska barnameningu, nánast alger skortur á umræðu um barnameningu og gildi hennar auk þess sem rannsóknir á þessu sviði eru vanræktar. Þessum þætti sinna nánast engin af þeim samtökum, stofnunum, hópum og einstaklingum sem annars leggja víða gjörva hönd á plóg um þessar mundir. Svo virðist sem þessi þáttur menningarstarfs sé mun veikari hérlendis en annars staðar á Norðurlöndunum. Enn fremur er hér - á sjálfri sögueyjunni - sannanlega ekkert í líkingu við barnabókastofnun, sem er að finna alls staðar annars staðar á Norðurlöndunum.

Varðandi aldurshóp sem hugsanlega gæti notið góðs af starfi íslenskrar barnameningarstofnunar er fleiri en einn viðmælenda á þeirri skoðun að þar verði að setja efri aldursmörk vel innan við fermingu. Eftir það verði skörp skil í lífi íslenskra barna og þau missi áhuga á því að stunda menningu í barnameningarhúsi. Þessum aldursmörkum eru þó ekki allir sammála.

Að þessu samandregnu má því segja að Sólveig Ebba Ólafsdóttir, formaður Ibby á Íslandi, sé nálægt því að tala fyrir munn margra þegar hún lýsir draumi sínum varðandi barnameningarhús eða -stofnun. Eins og rakið var hér að framan er Barnameningarhús í hennar huga staður þar sem hægt er að ganga að íslenskum barnabókmenntum og rannsaka þær en einnig að njóta þess að skoða þær og lesa. Notalegur staður þar sem hægt er að leita upplýsinga á þessu sviði. Einnig telur hún að þar eigi að halda saman upplýsingum um allt það sem er boðið á sviði barnameningar hérlendis. Hún vill jafnframt sjá að í slíku húsi sé vinnu- og ráðstefnuaðstaða í tengslum við íslenska barnameningu.

Húsið sem Sólveig Ebba lýsir er eins konar sambland af barnameningarstofnunum og barnameningarhúsum hinna Norðurlandanna með höfuðáherslu á bækur. Þar er unnið fræðilega, börn og fullorðnir eiga einnig greiðan aðgang til að skoða og njóta. Þar er safnað saman upplýsingum um barnameningarstarf og þeim miðlað áfram og fólk örvað að hætti barnameningarhúsa sem starfa eftir köngulóarmódelinu.

Segja má að þetta sé einnig dæmigerð íslensk aðlögun erlendra hugmynda. Sambyggt barnameningarhús og -barnabókastofnun sem sinnir list fyrir, með og eftir börn, annast fræðilegar rannsóknir og kyndir jafnframt undir þeirri dreifðu en lifandi glóð sem virðist vera í íslensku barnameningarstarfi.

9. Kostnaður við íslenskt barnameningarhús - þrjú módel

Til þess að skoða nánar hvaða leiðir væru helst færar til að stofna íslenskt barnameningarhús skulum við líta á kostnaðaráætlun sem er miðuð við þrjár leiðir. Tekið skal fram að þetta er gróf kostnaðaráætlun. Líðir eru taldir upp og getur hver og einn mátað tölurnar við sinn raunveruleika.

Í fyrstu áætlun er átt við barnameningarhús sem væri sjálfstætt með ríkulegri starfsemi. Það yrði bæði listasmíðja og ævintýrahús fyrir börn og fullorðna. Fastir starfsmenn væru þrír. Við köllum þetta módel 1.

Í annarri áætlun er átt við einhvers konar barnabóka-meningarhús. Þar er salur fyrir bækur og fyrirlestra, auk tveggja skrifstofa. Gert er ráð fyrir að í barnameningarhúsinu yrði unnið að kynningu og rannsóknum á íslenskum barnabókmenntum og samhæfingu og kynningu á íslenskri barnameningu almennt. Starfsmenn yrðu 2. Við köllum þetta módel 2.

Þriðja leið yrði umsvifaminnst. Í henni er gert ráð fyrir að barnameningarhúsið yrði í Þjóðarbókhöðunni. Enginn sérstakur salur yrði fyrir barnabækurnar ef af þessu yrði. Salarkynnin yrðu tvær skrifstofur fyrir forstöðumann og kynningarstjóra sem lagðar væru til af Þjóðarbókhöðunni. Starfsmenn yrðu 2 og við köllum þetta módel 3.

Barnameningarhús

Stofnkostnaður	Módel 1	Módel 2	Módel 3
Innanstokksmunir	1.500.000	1.200.000	
Tölvubúnaður og ljósritunarvél	1.000.000	800.000	800.000
Ritföng og skrifstofuáhöld	80.000	60.000	60.000
Gerð merkis, prentun bréfsefnis og fleira	500.000	500.000	500.000
Samtals stofnkostnaður ár 1	3.080.000	2.560.000	1.360.000

Rekstrarkostnaður

Laun og launatengd gjöld			
Forstöðumaður	4.000.000	4.000.000	4.000.000
Upplýsingafulltrúi	3.500.000	3.500.000	3.500.000
Starfsmaður	3.500.000		
Samtals	11.000.000	7.500.000	7.500.000

Annar rekstrarkostnaður

Aðkeypt þjónusta	240.000	240.000	240.000
Húsaleiga	1.440.000	1.200.000	
Kaffistofa og risna	300.000	240.000	240.000
Sími og internet	780.000	600.000	600.000
Ritföng	120.000	90.000	90.000
Viðhald húsnæðis	60.000	60.000	60.000
Tölvubúnaður	144.000	120.000	120.000
Auglýsingar og kynningar	180.000	180.000	180.000
Skrifstofubúnaður	90.000	60.000	60.000
Blöð, bækur og tímarit	360.000	360.000	360.000
Námskeið	90.000	60.000	60.000
Ferðakostnaður	84.000	60.000	60.000
Burðargjöld	15.000	12.000	12.000
Ýmis kostnaður	456.000	360.000	360.000
Samtals	4.359.000	3.642.000	2.442.000

Alls rekstrarkostnaður á ári	15.359.000	11.142.000	9.942.000
Alls stofnk. og rekstrark. á ári 1	18.439.000	13.702.000	11.302.000

10. Niðurstaða

Af framanskráðu liggur fyrir að það er verið að vinna mikið starf á sviði barnameningar nú þegar. Það er einnig greinilegt að á þessu sviði starfa margir eldhugar. Umræða um barnameningu er hins vegar lítil sem engin og margir þeir sem sinna barnameningu kvarta yfir því að hún sé í mörgum tilvikum álitin annars flokks.

Landið er það stórt og strjálbýlt að eitt hús af ævintýragerð myndi seint breyta miklu. Eitt glæsilegt hús í miðborg Reykjavíkur myndi heldur ekki nýtast nema höfuðborgarsvæðinu. Öflug kynningar- og samhæfingarstarfsemi í nafni barnameningarhúss gæti hins vegar orðið til þess að tengja saman ólíka starfsemi, gera hana sýnilegri, efla hana og auka virðingu barnameningar útávið, umræðu um hana og rannsóknir á henni.

Langsterkasta röksemdin fyrir því að opna eitthvað sem heitir barnameningarhús á Íslandi er einmitt sú að það gæti lyft þessu sviði upp og orðið til að hefja opinbera umræðu um barnameningu, myndi kynna það öflugra starf sem er unnið á þessu sviði, tengja það saman og þar með styrkja og festa í vitund þjóðarinnar. Þetta gæti jafnvel orðið til að gera það hreinlega „finna“ að sinna barnameningu sem væri jákvæð þróun.

Í ljósi þess er það niðurstaða þess sem þetta ritar að flestir þeirra sem létu í ljós álit sitt við samantekt þessarar skýrslu myndu sætta sig best við litla stofnun (módel 2) sem byði upp á íslenskar barnabækur á einum stað með góðum aðgangi almennings og fræðimanna til fundahalda og smárra tiltækja af ýmsu tagi, en sem yrði jafnframt miðstöð kynningar á íslensku barnameningarstarfi og jafnvel að einhverju leyti skipulagi þess. Í slíkri stofnun væri jafnframt hægt að ganga að upplýsingum um allt sem stæði til boða í tengslum við barnameningu, þar gætu allir sem sinna starfi í þágu barnameningar fengið aðstoð og hvatningu og loks gæti slík stofnun tengt saman allt starf í þágu menningar af þessu tagi, hvar á landinu sem það færi fram.

Eftirtaldir sögðu frá viðhorfum sínum til íslenskrar barnameningar og barnameningarhúss:

Aðalsteinn Ásberg, rithöfundur, tónlistarmaður og formaður Rithöfundasambands Íslands
Álfrún G. Guðrúnardóttir, deildarstjóri listadeildar Gerðubergs
Elísabet B. Ólafsdóttir, forstöðumaður Gerðubergs
Guðlaug Richter, rithöfundur, og ritstjóri tímaritsins Börn og menning
Guðrún Hannesdóttir, rithöfundur og myndlistarmaður
Hallveig Thorlacius, brúðuleikhússtjóri
Harpa Arnardóttir, leikari og leiðbeinandi
Helga Arnalds, brúðuleikhússtjóri
Hólmfríður Ólafsdóttir, aðstoðarforstöðumaður
Kristín Helga Gunnarsdóttir, rithöfundur
Ragnheiður Gestsdóttir, rithöfundur og myndlistarmaður
Ragnheiður H. Þórarinsdóttir, þjóðfræðingur og sérfræðingur hjá menntamálaráðuneytinu
Dr. Sigrún Klara Hannesdóttir, landsbókavörður
Sigríður Ólafsdóttir, myndlistarmaður og leiðbeinandi
Sigþrúður Gunnarsdóttir, ritstjóri
Silja Aðalsteinsdóttir, ritstjóri
Sólveig Ebba Ólafsdóttir, kennari og formaður Ibby
Svanbjörg H. Einarsdóttir, framkvæmdastjóri
Þórhildur Lindal, umboðsmaður barna

Skriflegar og munnlegar upplýsingar sem nýttust við gerð skýrslunnar veittu meðal annars eftirtaldir og fá þeir bestu þakkir fyrir:

Ásdís Arnardóttir - Gerðarsafni
Ásdís Huld Helgadóttir - Bókasafni Hafnarfjarðar
Áslaug Dóra Eyjólfadóttir - menntamálaráðuneytinu
Björg Ellingsen - Menntamálaráðuneytinu
Björg Björnsdóttir - Þjóðleikhúsinu
Drífa Kristinsdóttir - Íslensku óperunni
Elisabet Þórisdóttir - Gerðubergi
Erika Lind Isaksen - Listasafninu á Akureyri
Erlendur Kristjánsson - Menntamálaráðuneytinu
Gerður Róbertsdóttir - Árbæjarsafni
Gréta Ingþórsdóttir - Sjálfstæðisflokknum
Guðrún Dís Jónatansdóttir - Norræna húsinu
Guðrún Þórsdóttir - Kramhúsinu
Guðrún Vilmundardóttir - Borgarleikhúsinu
Hallveig Thorlacius - Sögusvuntunni
Heimir Jónasson - Stöð 2
Helga Arnalds - 10 fingrum
Hólmfríður Ólafsdóttir - Gerðubergi
Helgi Vilberg - Myndlistaskólanum á Akureyri
Inga Kristjánsdóttir - Bókasafni Kópavogs
Karitas Gunnarsdóttir - Menntamálaráðuneytinu
Kristín Halldórsdóttir - Vinstri grænum
Líney R. Halldórsdóttir - Menntamálaráðuneytinu
Magnús Geir Þórðarsson - Leikfélagi Akureyrar
Margrét Sverrisdóttir - Frjálslynda flokknum
Ólöf G. Söbech - Íslenska dansflokknum
Ólöf K. Sigurðardóttir - Listasafni Reykjavíkur
Pétrún Pétursdóttir - Hafnarborg
Pétur Eggerz - Möguleikhúsinu
Pétur Gunnarsson - Framsóknarflokknum
Rakel Pétursdóttir - Listasafni Íslands
Sigríður Pétursdóttir - Rás 1
Sigríður Ragna Sigurðardóttir - Sjónvarpinu
Sigrún Eyjólfadóttir - Kramhúsinu
Sigrún Kristjánsdóttir - Þjóðminjasafni Íslands
Silvía Magnúsdóttir - Amtsbókasafninu á Akureyri
Sváfnir Sigurðarson - Sinfóníuhljómsveit Íslands
Þorbjörg Karlsdóttir - Borgarbókasafninu í Reykjavík
Þorgeir Ólafsson - Menntamálaráðuneytinu
Þóra Sigurðardóttir - Myndlistaskólanum í Reykjavík
Þuríður Jóhannsdóttir - Rannsóknastofnun KHÍ
Vilborg Valgarðsdóttir - Bandalagi íslenskra leikfélaga

Heimildir

Fundargerð stofnunar Samtaka um Barnamenningarstofnun í Þjóðarbókhöðunni 16. nóvember, á Degi íslenskrar tungu 2002, kl. 14.30

Reglur um barnamenningarsjóð nr. 549/2003.

Børnekultur. 1999. Kulturens børn. København

Kultur for børn i Aalborg Kommune Status 2001. Skole og kulturforvaltningen

Ársskýrsla menningarmála 2002. 2003. Reykjavíkurborg - skrifstofa menningarmála

Barn et kultur Nordisk katalog., 2. reviderede udgave. 1995. Kulturministeriet, København.

Det unge Norden - fællesskab og mangfoldighed Handlingsplan for det nordiske samarbejde om børn, unge og kultur 2002 - 2006. 2003. Nordisk ministerråd. København.

Barnboksinstitut Så in i Norden! 2000. Úgefanda ekki getið.

Karen Marie Demuth. 2003. „Forord“ og „Børnekulturhuse i Norden“. Børnekulturhuse i Norden Rum til børn, bls. 5 og 7 - 12. Ritstjórar: Karen Marie Demuth, Hanne Lundgren Nielsen. Landsforeningen Børn, Kunst og Billeder.

Turid Fadnes. 2003. „Børnekultursenter - ressurscenter og edderkop“. Børnekulturhuse i Norden Rum til børn, bls. 17 -22. Ritstjórar: Karen Marie Demuth, Hanne Lundgren Nielsen. Landsforeningen Børn, Kunst og Billeder. Århus.

Efni var notað og upplýsingar fengnar af þessum vefjum:

<http://www.assitej.is> - Heimasíða Assitej samtakanna á Íslandi.

www.fyrtoejt.com - Heimasíða barnamenningarhússins Fyrtojet.

http://www.grunnskolar.is/fraedslumidstodin.nsf/pages/frett_listahatid_samst.html

Fræðslumiðstöð Reykjavíkur og Listahátíð í Reykjavík. Frétt 4. mars 2004.

<http://www.listir.is/tfa/> - Vefur Tónlistar fyrir alla.

Tilvísanaskrá

1. Fundargerð stofnunar Samtaka um Barnamenningarstofnun. 2002.
2. Fundargerð stofnunar Samtaka um Barnamenningarstofnun. 2002.
3. Reglur um barnamenningarsjóð nr. 549/2003 gr. 2.
4. Børnekultur. 1999 bls. 3
5. Kultur for børn i Aalborg Kommune. Bls. 10-13
6. Bæði var litið á stefnu ríkisstjórnarinnar og stjórn málaflökkanna eins og hún birtist á heimasíðum þeirra. Einnig var haft samband við starfsmenn flokkanna til þess að forvitnast um hvort eitthvað væri að finna á stefnuskránni um barnamenningu eða börn.
7. Nr. 246/1994.
8. Ársskýrsla menningarmála 2002. 2003. bls. 8
9. Barn et Kultur. 1995 bls. 9
10. Det unge Norden - fællesskab og mangfoldighed. 2003. bls. 42-43.
11. Stuðst er hér við upplýsingar úr bæklingnum Barnboksinstitut Så in I Norden! 2000.
12. Karen Marie Demuth, bls. 5
13. Karen Marie Demuth, bls. 9
14. Karen Marie Demuth, bls. 9
15. Karen Marie Demuth, bls. 9-10
16. Karen Marie Demuth, bls. 10
17. Karen Marie Demuth, bls. 10
18. Karen Marie Demuth, bls. 10
19. Turid Fadnes. 2003
20. Upplýsingarnar um Fyrtojet eru sóttar á vefinn www.fyrtoejt.com
21. Þessar upplýsingar eru fengnar á vef Assitej. <http://www.assitej.is>.
22. Upplýsingar um Tónlist fyrir alla eru sóttar á vefinn <http://www.listir.is/tfa/>
23. Upplýsingar um samninginn eru sóttar á vef Fræðsluráðs Reykjavíkur.

